Berðu saman:
Verð - Gæði - Þjónustu
Við komum heim með nýju tölvuna, tengjum hana og tryggjum að allt sé eins og best verður á kosið. Færum internet-tengingu og tryggjum að vírusvörn virki rétt.
NetHEIMAR
www.netheimar.com

TVILUM-SCANBIRK
HÚSGAGNALOFTIÐ

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
# BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 15. desember 2004 · 51. tbl. · 21. árg.

## Undanþágur frá greiðslum gjalda af fasteignum stofnana ríkisins

# Ísafjarðarbær verður líklega af um 20 milljónum króna á ári

Ísafjarðarbær verður líklega af um 20 milljónum króna á ári vegna undanþága frá greiðslu gjalda af fasteignum stofnanna ríkisins. Um er að ræða til að mynda menntaskóla og sjúkrahús sem falla undir svokallaðan O-flokk fasteigna sem undanþegnar eru fasteignagjöldum.

Fækkun þessara undanþága er meðal umræðuefna í tekjustofnanefnd sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, á sæti í. „Við höfum verið að ræða um að það sé eðlilegt að ríkið greiði fasteignagjöld eins og aðrir“, segir Halldór.

„Í sjálfu sér er ekkert að frétta af starfi nefndarinnar annað en það að við ætlum að klára að fjalla um bráðavanda sveitarfélaga og leiðréttingu á núverandi tekjuskiptingu miðað við núverandi verkefnaskiptingu fyrir lok janúar.“

*– halfdan@bb.is*

*Menntaskólinn á Ísafirði. Af skólanum sem og Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði eru ekki greidd fasteignagjöld.*

## Fór frá stríðshrjáðri heimsálfu í leit að betra lífi

– sjá viðtal á bls. 10

## Sunna heillaðist af Kúbu

– sjá viðtal á bls. 8

## Líf og fjör á jólahlaðborði Krúsarinnar á Ísafirði



– sjá myndir á bls. 22

**„Þetta var frábært, alveg yndislegt. Það mættu um 130 manns. Margir vinir og ættingjar komu og þetta var eins og flottasta fimmtugsafmæli,“ sagði Friðgerður Guðmundsdóttir, ekkja Rafns heitins Jónssonar, um tónleika sem haldnir voru á skemmtistaðnum Nasa í Reykjavík á miðvikudag í síðustu viku, en þá hefði Rafn orðið fimmtugur, hefði hann lifað. Á tónleikunum komu fram m.a. Andrea Gylfadóttir, Helgi Björnsson, Jón Ólafsson, Haraldur Þorsteinsson auk bræðranna Ragnars og Egils Rafnssona. Fleiri myndir af tónleikunum eru á bls. 4. Ljósmynd: Jóhannes Kr. Kristjánsson.**

Samkaup úrval
OPIÐ:
virka daga kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud. kl. 12 - 21
Verið velkomin!
Samkaup úrval
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

INNANLANDS er…
EIMSKIP INNANLANDS

### Grunnskólinn á Ísafirði

# Ljóð og smásögur nemenda gefin út

Ljóða- og smásagnakeppni Grunnskólans á Ísafirði lauk með hátíðlegri athöfn á sal skólans á föstudag. Veitt voru verðlaun besta smásagna- og besta ljóðskáldi hvers árgangs en allir nemendur skólans í 2.-10. bekk tóku þátt í keppninni.

Vanalega fer verðlaunaafhendingin fram á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember. „Af alkunnum ástæðum var það ekki hægt að þessu sinni. En þar eð bæði nemendum og kennurum þykir þetta mjög skemmtileg hefð, kom ekki til greina að fella keppnina niður þótt tíminn fyrir hana væri naumari en venjulega“, segir Herdís Hübner, kennari í skólanum.

Keppnin var nú haldin í fjórða sinn og höfðu margir nemendur áður tekið þátt. Má þar nefna Rakel Ástrós Heiðarsdóttur sem lent hefur í fyrsta sæti í þau fjögur skipti sem hún hefur tekið þátt í keppninni.

Verðlaunaverkin verða gefin út í bók á næstu dögum ásamt öðrum úrvalsverkum úr keppninni sem ekki síður eiga erindi á prent. „Varla er hægt að hugsa sér skemmtilegri jólagjöf fyrir ömmur og afa og uppáhaldsfrænkur og alla hina“, segir Herdís.

Bókin verður til sölu í Bókhlöðunni á Ísafirði og rennur andvirði hennar til kaupa á verðlaunum í næstu keppni. Íslandsbanki og Sparisjóður Vestfirðinga hafa þó einnig styrkt verðlaunasjóðinn, auk þess hefur fengist góður afsláttur á verðlaunum hjá Bókhlöðunni. *– thelma@bb.is*

*Þessi myndarlegi hópur vann til verðlauna á miðstigi í ljóða- og smásagnakeppni GÍ. Frá vinstri: Tómas Ari Gíslason, Ragnar Kristinsson, Rannveig Jónsdóttir, Jóna Sigurlína Pálmadóttir, Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir, Rakel Ástrós Heiðarsdóttir og Burkni Dagur Burknason.*

### Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

# Vefsíða stofnunarinnar á fjórum tungumálum

Vefsíða Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar hefur verið þýdd að nokkru leyti á pólsku, tælensku og ensku. „Þar má finna helstu upplýsingar, til dæmis um opnunartíma og hvaða þjónusta er í boði“, segir Svavar Þór Guðmundsson, kerfistjóri tölvudeildar HSÍ.

Innflytjendur frá Póllandi og Tælandi sem tala ekki íslensku geta sent inn fyrirspurn og fengið túlk með sér í læknisheimsóknir. Einnig má finna á vefnum pólskíslenska heilbrigðisorðabók.

„Hún er aðallega hugsuð fyrir lækna þegar slys ber að höndum, þá geta þeir stuðst við orðabókina til að spyrja einfaldra spurninga og þannig hjálpað sjúklingnum betur“, segir Svavar.

Jólablað BB kemur út miðvikudaginn 22. desember. Síðasta blað ársins kemur út 29. desember. Hefur þú tryggt þér auglýsingapláss?



*Óhætt er að segja að það hafi verið óvenjulegur viðskiptavinur sem kom í Shellskálann í Bolungarvík. Mynd: nave.is.*

# Óvenjulegur viðskiptavinur

**Haftyrðill (Alle alle) kom í heimsókn í Shellskálann í Bolungarvík á mánudagskvöld. Ólíkt öðrum viðskiptavinum var þessi afgreiddur þannig að honum var stungið í tóma sælgætisdollu. Reynt var að sleppa honum við Bolungarvíkurhöfn en hann vildi ekki fara. Honum var sleppt í gær þegar birti.**

**Haftyrðillinn er minnsti svartfugl Norður-Atlantshafs en stofninn er jafnann sá stærsti á sama svæði. Haftyrðill flækist hingað til lands yfir vetrartímann og sést oft mikið fyrir norðan og austan land. Hann villist oft inn til landsins undan vindi. Frá þessu var greint á vef Náttúrustofu Vestfjarða. *– thelma@bb.is***

### Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra

# Segir þekkingarsetur á Vestfjörðum forgangsverkefni

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp vegna stofnunar þekkingarsetur á Vestfjörðum. Kom þetta fram á fundi stjórnar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða með menntamálaráðherra í Reykjavík fyrir stuttu.

„Við funduðum með menntamálaráðherra til að kynna útfærslur okkar á skýrslu sem menntamálaráðuneytið gaf út í vor um þekkingarsetur á Vestfjörðum. Ráðherra sagði okkur þá frá þeim áætlunum sínum að setja á stofn starfshóp en tók vel í þá hugmynd að fræðslumiðstöðin ætti fulltrúa þar“, segir Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Í starfshópnum munu eiga sæti fulltrúar háskóla í landinu, fulltrúi frá Ísafjarðarbæ, sjávarútvegsráðuneytinu auk Fræðslumiðstöðvarinnar.

*Nú þegar stunda fjölmargir háskólanám á Vestfjörðum með milligöngu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem er til húsa á Ísafirði.*

„Menntamálaráðherra tjáði okkur að þekkingarsetrið væri forgangsverkefni hjá ráðuneytinu. Þó aðkoma okkar að framkvæmd þekkingarsetursins verði ekki alveg eins og við heimamenn höfðum ætlað okkur þá er sama hvaðan gott kemur“, segir Smári.

*– thelma@bb.is*

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi

**Sigtryggur K. Jörundsson**
Silfurgötu 8a, Ísafirði

sem andaðist föstudaginn 10. desember á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. desember kl. 14:00.

Hjálmfríður Guðmundsdóttir

| | |
|---|---|
| Guðjón Ebbi Sigtryggsson | Halldóra Þorláksdóttir |
| Alda Sigtryggsdóttir | Birgir Hermannsson |
| Jörundur Sigtryggsson | Helga Sigurgeirsdóttir |
| Anna Sigtryggsdóttir | |
| Tryggvi Sigtryggsson | Guðrún Stefánsdóttir |
| Hólmfríður Sigtryggsdóttir | |
| Árni Sigtryggsson | Guðbjörg Skúladóttir |
| Jón Björn Sigtryggsson | Magdalena Sirrý Þórisdóttir |
| Hreiðar Sigtryggsson | |
| Katrín Sigtryggsdóttir | Steingrímur Jónsson |

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

## Halldór Gunnar Pálsson og Sunneva Sigurðardóttir

# Gefa út smáskífu

Vestfirsk smáskífa með laginu Float around var gefin út á föstudag. Lagið er eftir Halldór Gunnar Pálsson frá Flateyri en texti er eftir Ársæl Níelsson frá Tálknafirði. Ísfirðingurinn Sunneva Sigurðardóttir syngur.

„Við gáfum út 140 geisladiska og ætlum að sjá til hvernig gengur með þá. Ef vel gengur stefnum við á að gefa út annan disk von bráðar með fimm lögum“, segir Sunneva. Lagið var frumflutt í sínum endanlega búningi í Svæðisútvarpi Vestfjarða á föstudag en áður hafa Sunneva og Halldór Gunnar flutt það á tónleikum.

„Við sendum Óla Palla á Rás 2 lagið og báðum hann um að hlusta á það og spila það kannski einu sinni ef honum litist vel á. Við höfum ekkert heyrt frá honum ennþá en við metum álit hans mikils þar sem hann er snillingur á sínu sviði.“ Þess má geta að Sunneva og Halldór Gunnar munu flytja lagið á tónleikum á Langa Manga á fimmtudag og á Vagninum á Flateyri á laugardag.

Smáskífan er til sölu í Hamraborg, Frummynd, Netheimum, Hárgreiðslustofu Siggu Þrastar og á Langa Manga. *– thelma@bb.is*

*Halldór Gunnar Pálsson og Sunneva Sigurðadóttir á tónleikum á Langa Manga fyrir stuttu þar sem þau fluttu meðal annars nýja lagið.*



# Umhverfisnefnd samþykkir öryggissvæði en ekki efnistöku

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti á mánudag framkvæmdaleyfi vegna gerðar öryggissvæðis við Ísafjarðarflugvöll en fól tæknideild bæjarins að kanna aðrar leiðir til efnistöku en lagðar voru til með gerð snjóflóðaskápa á Kirkjubólshlíð. Endanleg ákvörðun um efnistöku verður tekin á næsta fundi nefndarinnar sem væntanlega verður haldinn í byrjun janúar.

Flugmálastjórn óskaði í október eftir framkvæmdaleyfi til gerðar öryggissvæðis við Ísafjarðarflugvöll og jafnframt óskaði Vegagerðin eftir leyfi til gerðar tveggja snjóflóðaskápa á Kirkjubólshlíð og átti efni sem legðist til við gerð skápanna að nýtast við gerð öryggissvæðisins.

Gerð snjóflóðaskápanna hefur valdið nokkrum titringi innan meirihlutans í bæjarstjórn Ísafjarðar. Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar hefur lýst yfir andstöðu við gerð skápanna og hefur kallað þá tímaskekkju. Hefur hann bent á aðrar leiðir til efnistöku svo sem fyrir ofan Grænagarð og með dýpkun í Ísafjarðarhöfn. Málið hefur verið til umfjöllunar hjá umhverfisnefnd um nokkurt skeið og hefur verið frestað.

Björgmundur Örn Guðmundsson varaformaður umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar segir að nefndin hafi fallist á gerð öryggissvæðis en hafi ákveðið að fela tæknideild bæjarins að kanna aðrar leiðir sem bent hafi verið á til efnistöku.

„Við vildum einfaldlega kanna þá kosti sem í boði eru til efnistöku áður en endanleg ákvörðun er tekin. Með þessu erum við ekki að hafna hugmyndum um gerð snjóflóðaskápa heldur viljum við kanna alla möguleika áður en endanleg ákvörðun er tekin“, segir Björgmundur Örn Guðmundsson.

*– hj@bb.is*

*Byggð verður við hlið verslunarhússins Ljónsins á Skeiði.*

# Byggingarleyfi fyrir bensínstöð Atlantsolíu samþykkt

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt umsókn Atlantsolíu ehf. um byggingarleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti á lóðinni að Tungubraut 1 á Skeiði í Skutulsfirði.

Það sem Atlantsolía sótti nú um byggingarleyfi fyrir er aðeins lítið hús sem tengist afgreiðslu eldsneytis. Því leggur umhverfisnefnd til að gatnagerðargjöld verði reiknuð nú miðað við lágmarks hússtærð á lóðinni samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Í bókun umhverfisnefndar er bæjarstjórn bent á að engin trygging sé fyrir því að verslunarhús verði byggt á lóðinni með þessari samþykkt nefndarinnar.

Það er bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sem tekur endanlega ákvörðun í málinu á næsta fundi sem haldinn verður á morgun, fimmtudag. *– hj@bb.is*

*Rafgítarnemendur að tónleikum loknum á mánudag. Mynd: Sjöfn Kristinsdóttir.*

## Jólahátíð Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar

# Sýnt fyrir fullu húsi

Jólahátíð Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar lauk með rafgítartónleikum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á mánudag. Hátíðin hófst á miðvikudag í síðustu viku með ballettsýningum þar sem ballerínur frá 4 ára og upp í 24 ára gamlar stigu á stokk. Á sunnudag voru síðan haldnir tónleikar nemenda á klassísk hljóðfæri.

„Þetta gekk mjög vel og sýnt var fyrir fullu húsi. Það var góð stemmning og ánægjuleg“, segir Margrét Gunnarsdóttir, skólastjóri LRÓ. Listaskólanum hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og eru þar nú um 45 tónlistarnemendur í fullu námi. Þá hafa um 50 manns sótt námskeið í söng og gítarleik á vegum skólans.

*– halfdan@bb.is*

## Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar

# Gæðaráð skipað innan HSÍ

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar (HSÍ) skipaði fimm manna gæðaráð á fundi á fimmtudag í síðustu viku. Ráðið er skipað eftir tillögum frá lækningaforstjóra, hjúkrunarforstjóra, skrifstofustjóra og starfsmannaráði.

Samkvæmt stjórnskipulagi stofnunarinnar frá 1. apríl er gert ráð fyrir gæðaráði til að vinna að því að bæta starfshætti stofnunarinnar. Í ráðinu eiga sæti Anna K. Ásgeirsdóttir, meinatæknir, Birgir Jónsson, matreiðslumeistari, Fjölnir Freyr Guðmundsson, yfirlæknir, Hildur E. Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur og Sigurveig Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari. Þá er innkaupastjóri stofnunarinnar starfsmaður ráðsins.

Hlutverk gæðaráðs er meðal annars að framfylgja gæðastefnu HSÍ, veita gæðastarfi innan stofnunarinnar forystu og vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um gæðamál. Þá skal ráðið skila greinargerð um störf sín til vinnslu ársskýrslu stofnunarinnar.

*Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar hefur nú sett á stofn gæðaráð.*



*Bræðurnir Ragnar og Egill á minningartónleikunum um fjöður þeirra, Rafn Jónsson. Ljósmyndir: vf.is / Jóhannes Kr. Kristjánsson.*

# „Eins og flottasta fimmtugsafmæli“

**Tónleikar sem haldnir voru á skemmtistaðnum Nasa í Reykjavík á miðvikudag í síðustu viku í tilefni af útgáfu plötunnar „Fuglar geta ekki flogið á tunglinu“ með Rafni Jónssyni voru vel sóttir og tókust að sögn aðstandenda einstaklega vel. „Þetta var frábært, alveg yndislegt. Það mættu um 130 manns. Setið var við borð svo það var nánast fullt hús. Margir vinir og ættingjar komu og þetta var eins og flottasta fimmtugsafmæli“, segir Friðgerður Guðmundsdóttir, ekkja Rafns heitins, sem hefði orðið fimmtugur 8. desember hefði hann lifað. Fram kom fjöldi listamanna, þeirra á meðal Jón Ólafsson, Rúnar Þórisson, Helgi Björnsson og Andrea Gylfadóttir, auk bræðranna Egils og Ragnars Sólbergs Rafnssona.**

*Fram komu auk annarra þau Andrea Gylfadóttir, Helgi Björnsson og bræðurnir Egill og Ragnar Sólberg Rafnssynir.*

*Ragnar Sólberg þenur raddböndin í lagi eftir föður sinn.*

# fjör fyrir fjóra

Skíðaleikur Samkaupa



## Taktu þátt í bókstaflegu ævintýri

Kauptu vörur merktar "fjör fyrir fjóra" í verslunum okkar og þú ert með í leiknum

Í hvert sinn sem þú kaupir a.m.k. tvær eða fleiri merktar "fjör fyrir fjóra" færðu afhenta bókstafi til kaupum þínum upplýsti til að fina bókstafina á. Þegar þú hefur safnað orðinu "ævi" skilar þú upplýsingu í þátttökukassa í einhverri verslun Samkaups ásamt. Þar með ertu bókstaflegi komin í sjálfvalinn pott, með ævintýralega vinninga í boði:

**1. vinningur:** Ævintýraferð á skíði fyrir fjóra til Madonna á Italíu ásamt skíðabúnaði fyrir fjóra og skíðagalla fyrir fjóra, alls verðmæti um 556.000 kr.

**2.-3. vinningur:** Flug og gisting innanlands fyrir fjóra ásamt bílaleigubíl yfir helgi alls verðmæti 120.000 kr.

Því oftar sem þú kaupir þessar vörur - því meiri möguleikar

Samkaup úrval

# ritstjórnargrein

## Betur að svo væri

Það er gaman til þess að vita að í veröld með asann í öndvegi, þar sem hver mínúta er arðsemisreiknuð og horft er í fáeinar krónur, sem hugsanlega gætu komið í veg fyrir mannréttindabrot, skuli „Íslendingar“, bók Unnar Jökulsdóttur og Sigurgeirs Sigurjónssonar, tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna í ár; bók, sem í máli og myndum dregur fram viðhorf og lífssýn fólks víðsvegar af landinu; venjulegs fólks sem stendur á mörkum þess gamla og nýja, trútt eðli sínu og uppruna, búandi í breytum heimi þar sem manngildin sem þau drukku með móðurmjólkinni virðast á hröðu undanhaldi.

Jón Ársæll í „Sjálfstæðu fólki“ staldraði við í túnfætinum hjá Rögnu Aðalsteinsdóttur, bónda á hinu sögufræga býli, Laugabóli í Laugardal við Ísafjarðardjúp, þar sem landslagið geymir sögu sem opinberast hverjum og einum, sem ber sig eftir. Þótt saga Rögnu á Laugabóli yrði ekki ómerkari en ótölulegur fjöldi þeirra ævisagna, sem hingað til hafa verið skráðar á bókfell, eru engar líkur á að hún öðlaðist sess í vitund söguþjóðarinnar í líkingu við sögu þeirra kappa, sem fræknastir hafa þótt þar um slóðir. Þótt með öðrum hætti sé verður ekki fram hjá því litið að á Laugabóli nútímans býr enn hetja; alþýðukona, sem segja má að sé að mörgu leyti ímynd þess, sem gerði þjóðinni kleift að komast í gegnum þrengingar fyrri alda.

Fólk eins og Ragna á Laugabóli fellur ekki að lífsmynstri fjöldans sem flæðir yfir síður glanstímaritanna, frekar en viðmælendur Unnar og myndefni Sigurgeirs. Hennar líkar skreppa ekki í einkaþotum heimshorna á milli til kvöldgamans. Heimur vísitalna og gengi verðbréfa heldur ekki vöku fyrir fólki af hennar sauðahúsi. Á Laugabóli var aldrei spurt um gróðavon af því að skjóta skjólshúsi yfir veglausa. Öðru nær. Þar hefur ríkt og ríkir lífsviðhorf manneskju sem horfir fram á veginn, full vissu um endurfundi við þau sem hún hefur mátt horfa á eftir, og sem biður um það eitt að meira verði ekki frá henni tekið.

Aðventan boðar komu jólanna. Með hverju árinu sem líður virðist þeim fjölga sem standa álengdar við nægtabrunn íslensku þjóðarinnar og fyllast kvíða fyrir komu jólanna. Nýverið féllu þau orð í sjónvarpi að á þessum árstíma létu menn af hendi rakna til styrktar þeim, sem minna hefðu handa á milli.

Á Laugabóli Rögnu Aðalsteinsdóttur var Aðventa hinna veglausu árið um kring. Betur að svo væri víðar. *– s.h.*

# orðrétt af netinu

## Háskólinn mismunar

Það sem vekur upp mikla furðu hjá mér er það að Háskóli Íslands skuli geta leyft sér að mismuna nemendum eftir því úr hvaða skólum þeir koma. Sem dæmi má nefna gat háttsettur starfsmaður innan skólans ekki svarað því hvers vegna nemandi úr Verslunarskóla Íslands, útskrifaður af viðskiptabraut væri gjaldgengur í Háskólann en nemandi af sömu braut sem fylgir sömu námsskrá og kemur úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er ekki gjaldgengur í skólann.

Að mínu mati er menntakerfið okkar ekki í þeim farvegi sem best væri á kosið en hvað segir það okkur um stöðu mála ef að stærsti ríkisrekni háskóli landsins mismunar nemendum einungis vegna nafns þess skóla sem þeir koma úr?

**frelsi.is – Ásta Lára Jónsdóttir**

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Fréttastjóri:** Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, *halfdan@bb.is* – **Blaðamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132 *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X

*Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði.*

### Kristján Haraldsson, framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða

# Óþægileg staða stjórnenda og starfsmanna

Kristján Haraldsson, framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða, segir að hugmyndir um hugsanlega sameiningu orkufyrirtækja hafi ekki verið ræddar í stjórn fyrirtækisins og hann hafi einungis fengið fréttir um þessi mál í fjölmiðlum eins og aðrir. Sem kunnugt er staðfesti Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra á dögunum að hugmyndir væru uppi um sameiningu Landsvirkjunar, Rarik og Orkubús Vestfjarða í framhaldi af hugsanlegum kaupum ríkisins á eignarhluta Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun.

Aðspurður hvort ekki sé óþægilegt að búa við stöðuga umræðu um hugsanlega sameiningu fyrirtækisins við önnur fyrirtæki segir Kristján svo vera. „Það er mjög óþægilegt fyrir alla þá sem að rekstri fyrirtækisins koma að hafa ekki fast land undir fótum. Þetta veldur óvissu meðal starfsmanna og erfiðleikum við markmiðssetningu fyrirtækisins“, segir Kristján.

Sem kunnugt verður talsverð breyting á samkeppnisumhverfi orkufyrirtækja þegar ný lög um starfsemi þeirra taka gildi um næstu áramót. Kristján segir að undanfarið hafi farið fram mikil vinna innan fyrirtækisins til þess að mæta þessu breytta umhverfi. „Öll þessi vinna hefur tekið mið af því að Orkubú Vestfjarða starfi áfram sem sjálfstætt fyrirtæki eins og verið hefur. Ég hef verið fylgjandi þeim hugmyndum að starfsemi Rarik verði skipt upp á kjördæmavísu en auðvitað er það eigandi Orkubúsins, ríkið, sem hefur síðasta orðið í því máli“, sagði Kristján Haraldsson.

*– hj@bb.is*

# Býður upp á nám í jarðlagnatækni

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur samið við Mími-Símenntun um að bjóða 300 kennslustunda nám í jarðlagnatækni fyrir Vestfirðinga. „Aukin áhersla er lögð á að menn sem vinna við jarðlagnavinnu séu menntaðir og því er mikilvægt að geta boðið upp á slíkt nám“, segir Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvarinnar. Námið verður kennt að hluta með staðbundinni kennslu og að hluta með fjarkennslu.

„Gert er ráð fyrir að þátttakendur hittist í Reykjavík í byrjun námsins sem svo er staðbundið og kennt í fjarnámi“, segir Smári. Námið er ætlað þeim sem vinna við jarðlagnir hjá hitaveitum, rafveitum, vatnsveitum, fráveitum, fjarskiptafyrirtækjum og hjá verktökum. Markmið þess er að starfsmenn fræðist um jarðlagnir, veitur og fjarskipti og um þær kröfur sem gerðar eru til lagnanna og skipulags þeirra.

Námsnefnd frá Samorku, Orkuveitu Reykjavíkur, Símanum og Gatnamálastjóra hannaði námið í samráði við Mími-Símenntun. Gerð hefur verið námsskrá fyrir námið og hefur menntamálaráðuneytið samþykkt að meta megi það til styttingar náms í framhaldsskóla um allt að 24 einingar.

Kennt verður allan daginn, mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og laugardaga í þremur lotum á vorönn 2005. Fyrsta lotan hefst 10. janúar. Nánari upplýsingar um námið má finna á vef Fræðslumiðstöðvarinnar. *– thelma@bb.is*

# Lesendur bb.is velja Vestfirðing ársins

Í samvinnu við veffyrirtækið Innn hf. og Gullauga á Ísafirði efnir bb.is til kosningar um Vestfirðing ársins 2004 líkt og gert hefur verið undanfarin þrjú ár. Til þess að koma tilnefningum á framfæri er notað sérstakt form á bb.is, sem er farið inn á í dálkinum vinstra megin á forsíðu vefjarins, þar sem birtist „Hver verður Vestfirðingur ársins 2004?“ ofan við spurningu vikunnar. Lesendur bb.is eru hvattir til að taka þátt í valinu og tilnefna þann Vestfirðing sem þeir telja verðskulda þessa nafnbót. Sá sem útnefninguna hlýtur fær henni til staðfestingar veglegan farandgrip frá Gullauga.

Hægt er að skila inn tilnefningum til 31. desember nk. Tilkynnt verður um úrslitin hér á bb.is og í vikublaðinu Bæjarins besta fljótlega eftir áramótin. Vestfirðingur ársins 2003 var valinn Magnús Guðmundsson, sjómaður á Flateyri, sem varð þeirrar gæfu aðnjótandi að bjarga tveggja ára gömlum dreng frá drukknun í sundlauginni á Flateyri á aðfangadag í fyrra. Vestfirðingur ársins 2002 var kjörinn Hlynur Snorrason, rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði og árið 2001 varð Guðmundur Halldórsson, þáverandi formaður Smábátafélagsins Eldingar á Vestfjörðum fyrir valinu.

*Magnús Guðmundsson.*

*– halfdan@bb.is*

Skemmtilegri jólagjafir!

Afgreiðslutímar fram til jóla:
16. - 22. des. 11-22 alla daga
23. des. 11 - 23 • 24. des. 10 - 13

BESTA LEIKFANGIÐ 2004*

Interactive dvd kids
TOY
5.999
2.699
2.699
2.699
BARA GAMAN á DVD kids

SONY
FRÁBÆRT VERÐ
mp3 DVD jpeg
12.999
14.999
FYLGIR
frábær jólagjöf

Vinsælustu myndböndin
24 frábærar myndbönd
DVD
2.399
2.999

BT

BT Ísafjörður • Pollgötu 4 • www.bt.is • Sími 550 4444

# BB og Frummynd mæla með...

## Á móti sól
### – 12 íslensk topplög

Út er komin fimmta breiðskífa hljómsveitarinnar Á móti sól. Á plötunni er að finna tólf íslenska stórsmelli í nýjum útgáfum. Fjölmargir góðir gestir leggja hljómsveitinni lið á þessari plötu. Karaoke-útgáfur af níu lögum fylgja

með. Meðal laga á plötunni eru Stolt siglir fleyið mitt og Sirkus Geira Smart.

## Búdrýgindi
### – Juxtapos

Búdrýgindi unnu músíktilraunir árið 2002. Síðan hefur hljómsveitin bara spilað og spilað. Áranguirnn lætur ekki á sér standa og er Jústapos afrakstur þeirra vinnu. Búdrýgindi er bjartasta vonin í íslenskri tónlist, fersk, frumleg en umfram allt skemmtileg. Meðal

laga á skífunni eru Ósonlagið, Hólkryppi, Taktlaus hæna, Gleðskapur, Froðusnakkur og Orgelínufrat svo fáein séu nefnd.

## Hljómar
### – Hljómar

Hljómsveitin Hljómar hafa sent frá sér nýja breiðskífu sem hefur að geyma tólf frábær lög með textum eftir annálaða textahöfunda eins og Guðmund Andra, Einar Má og Þorstein Eggertsson. Á disknum má finna lög eins og Upp með húmorinn, Eitt lítil stef og Geggjuð ást, sem öll hafa heyrst mikið í útvarpi. Þá eru á disknum lög eins og Þegar sólin

brennur, Rokkhundar, Leiktu þér að mér, Bless á meðan og Ögurstund. Tilvalin jólagjöf fyrir aðdáendur hinna síungu meðlimi Hljóma sem verða betri og betri með hverju árinu sem líður.

## Ýmsir flytjendur
### – Gott um jólin

Út er komin ný breiðskífa sem hefur að geyma sextán jólalög, innlend og erlend, sem valin eru af útvarpsmanninum góðkunna, Gesti Einari Jónassyni. Meðal flytjenda á plötunni eru Elvis Presley, Dean Martin, Bing Grosby, Harry Belafonte, Sissel Kyrkjebö, Mahalia Jackson, Mario Lanza og Jussi Björling. Af íslenskum flytjendum má nefna

Guðrúnu Á. Símonar og Guðmund Jónsson sem flytja lagið Loksins komin jól, Vilhjálm Vilhjálmsson sem flytur lagið Guðs kristni í heimi og karlakórinn Fóstbræður sem flytja Í dag er svo glatt...

## Nýdönsk
### – Skynjun

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Nýdönsk leiddu saman hesta sína í byrjun nóvember og var markmiðið að skapa nýjan hljóðheim úr tónlist Nýrra danskra. Það heppnaðist fullkomlega og tónleikarnir hlutu lof gagnrýnenda og áhorfenda. Á þessum diski eru tónleikarnir í




heild sinni. Meðal laga á disknum eru Flugvélar, Svefninn laðar og Hei þú. Tilvalin jólagjöf fyrir aðdáendur hljómsveitarinnar.

## Hafdís Sunna Hermannsdóttir segir frá ferð sinni til hinna ólíkustu landa

# Heilluð af Kúbu

Hafdís Sunna Hermannsdóttir á Ísafirði er nýkomin úr langri reisu þar sem hún ferðaðist á milli tveggja heimsálfa og dvaldi á framandi stöðum. Hún lærði meðal annars að dansa salsa og tala spænsku á Kúbu, hitti indíána og kúreka í Guatemala, bjó á Ikea-heimili í Svíþjóð og hitti breska brimbrettakappa á eyjunni Jersey. Ferðalagið tók rúma tvo mánuði og það var margt sem Hafdís Sunna sá og upplifði. Hún féllst á að segja Bæjarins besta ferðasögu sína. Fyrst er hún spurð hvort þetta ferðalag hafi verið lengi í bígerð.

„Nei, þetta leiddi eitt af öðru og á endanum var ég búin að sameina í einn pakka allt sem mig langaði til að gera. Ég byrjaði ferðalagið á því að fara til Hollands í heimsókn til Kristins bróður og var þar í nokkra daga. Svo fór ég til Svíþjóðar til Vickyar vinkonu minnar sem dvaldi sem au-pair hér á Ísafirði fyrir nokkru og síðan lá leiðin til Ermarsundseyjarnnar Jersey, í heimsókn til Eddu Katrínar Einarsdóttur vinkonu minnar, sem var þar au-pair.

Þaðan fór ég til London þar sem ég hitti Hrönn Arnardóttur, vinkonu mína og skólasystur úr Grunnskólanum á Ísafirði, og saman fórum við til Kúbu. Við bjuggum í Havana í mánuð og vorum í spænskunámi. Að lokum fór ég til Guatemala til Aðalbjargar Sigurjónsdóttur, vinkonu minnar og skólasystur úr Menntaskólanum á Ísafirði, sem var að heimsækja skiptinemafjölskyldu sína en hún dvaldi sem skiptinemi þar fyrir fáeinum árum. Þar stoppaði ég í rúmar tvær vikur. Auk hinna eiginlegu áfangastaða gerði ég stuttan stans í London og París þar sem var millilent. Þetta var heilmikil upplifun og fjölbreytt."

### Allir á hjóli í Hollandi

„Kristinn bróðir minn er við nám í Maastricht í Hollandi og býr í Belgíu rétt við landamærin. Ég dvaldi hjá honum í nokkra daga. Við fórum í strætó til Maastricht og landamærin eru það ómerkileg að maður tekur varla eftir því þegar maður fer yfir þau. Í Hollandi er mikið reykt af hassi og þykir hinn eðlilegasti hlutur. Það er hreinlega hluti af menningunni og þykir ekkert ósjálfsagðara að fá sér kaffi og reyk en að skella sér á barinn ef fólk vill gera sér dagamun. Á kaffihúsum er hass selt jafnt og kaffi.

Allir eiga hjól og það er einn vinsælasti ferðamáti Hollendinga. Það var skondið að sjá fullt af hjólum fyrir utan skemmtistaðina. Fínar frúr á háhæluðum skóm og menn í jakkafötum sáust einnig á hjólum. Alveg ótrúlegt hvað það var algengt en náttúrlega er Holland afar flatlent og því mjög þægilegt að ferðast á þennan máta.

Mér fannst athyglisvert að sjá að Maastricht á það hliðstætt með Ísafirði að eiga mikið af glæsilegu atvinnuhúsnæði frá fyrri tíð. Í þeirra tilviki eru fjölmargar kirkjur og veglegar byggingar sem hafa áður hýst klaustur. Nú orðið er farið að nýta margar þessar byggingar undir annað en messuhald og hefur háskólinn í Maastricht t.d. tekið margar í sína þjónustu. Þannig er viðskipta- og hagfræðideild skólans til húsa í klaustri og einn af fyrirlestrasölunum er kapella. Einkaaðilar hafa líka nýtt sér fyrrum guðshús og þannig hýsir ein kirkjan diskóstað.

Auðvitað er daglegt líf meira og minna keimlíkt á milli Vesturlanda og því skelltum við okkur í bíó til að sjá hvort Hollendingar hefðu eitthvað framandi að bjóða á því sviði. Í Hollandi er boðið upp á svokallað „sneak preview" bíó, en þá er miðinn ódýr og maður lendir á einhverri óútkominni mynd. Þeir eru með hlé í bíóum sem mér fannst gaman að sjá því mikið hefur verið talað um að það sé sérstakt íslenskt fyrirbæri.

Auk þess að njóta þess sem Maastricht hafði að bjóða kíktum við til Brussel til að skoða okkur um og sáum m.a. EFTA-bygginguna og konungshöllina.

### Þóttu of ruddalegar í Jersey

Frá Hollandi fór ég og heimsótti Vicky vinkonu mína í Svíþjóð og bjó hjá henni í nemaíbúð sem hún hefur á leigu ásamt tveimur vinkonum sínum. Þar var allt úr Ikea, allt frá hnífapörum til húsgagna. Hún býr í Gautaborg þar sem allt annar ferðamáti tíðkast en í Hollandi. Þar ferðast fólk með sporvögnum sem ganga út um alla borgina allan sólarhringinn. Því er hægur vandi að hoppa upp í sporvagn þegar farið er út að skemmta sér og svo á maður öruggt far heim.

Vicky er að læra lyfjafræði í háskólanum í Gautaborg og ég fékk að skoða hann. Það vekur athygli að stúdentar þar fá vissa upphæð greidda frá skólanum mánaðarlega fyrir að sækja námið, sem skerðist ekki þótt þeir vinni með.

Ég komst að því að það er bábilja að allir Svíar séu ljóshærðir og bláeygðir. Ég sá í mesta lagi tvo þannig útlítandi á meðan ég dvaldi þarna. Sú hugmynd sem maður hafði um Svía stóðst ekki alveg.

Frá Svíþjóð fór ég til Jersey þar sem ég dvaldi á bresku heimili ásamt Eddu vinkonu minni. Það var mjög skrítið að koma þangað í vinstri umferð. Þar þóttum við Edda mjög ruddalegar því við vorum ekki alveg með allar þessar kurteisisvenjur á hreinu. Til dæmis þýðir ekki að flauta fyrir utan hús vinar síns þegar maður er að sækja hann. Það mundi teljast hinn argasti dónaskapur. Maður verður að fara inn og kyssa alla á kinnina og spyrja hvernig þeim líði í dag áður en maður getur lagt af stað.

Jersey er ríkra manna eyja og ber þess merki. Skemmtistaðirnir þar eru rosalegir flottir. Á einum stað var t.d. allt gyllt með rennandi fossi og á öðrum bar var risastórt fiskabúr rúm þar sem maður hafði sitt eigið sjónvarp.

Jersey er lítil eyja með breiðum fallegum ströndum og mikið um brimbrettaiðkun. Þó að eyjan tilheyri Bretlandi, þá finnst mér ekki ósennilegt að stemmningin sé svipuð og á Ástralíu. Jersey er mjög nálægt Frakklandi og þegar við stóðum á ströndinni eitt sinn fengum við send í farsímann skilaboð sem buðu okkur velkomnar til Frakklands. Einnig náðum við franskri útvarpsstöð."

### Salsatónlist allsráðandi

„Við Hrönn vinkona mín bjuggum hjá kúbverskri fjölskyldu í Havana í mánuð. Þar lærðum við spænsku og sóttum kennslustundirnar á heimili kennarans. Við vorum komnar með málfræðigrunninn og farnar að geta tjáð okkur, það vantaði aðallega upp á orðaforðann. Við vorum í kennslunni frá hálfníu á morgnana til eitt og eftir það fórum við í bæinn að skoða hitt og þetta. Um helgarnar fórum við á ströndina, heimsóttum bæina í kring og skoðuðum tóbaks- og sykurreyrakra landsins. Hver einasta stund var því nýtt til að sjá sem mest af Kúbu.

Það er erfitt að lýsa Kúbu, hver og einn þarf að upplifa hana sjálfur. Hún er öðruvísi en allt sem maður þekkir. Salsatónlist er allsráðandi á götunum og allir eru iðandi í skrokknum að fara að dansa. Dóttirin á heimilinu þar sem við gistum tók okkur í salsakennslu og svo fengum við æfingu á skemmtistöðunum."

– Veittu kúbversku karl-

*Hafdís Sunna við Plaza de la Revolution í Havana. Sjá má ríkisstjórnarbygginguna í baksýn er hana prýðir andlit Che Guevara og orðin Hasta la victoria siempre eða Við munum alltaf hafa sigur, sem voru síðustu orð Che til Fidels í bréfi frá Bólivíu stuttu áður en hann var drepinn.*

*Hafdís Sunna að „húkka" Kúbutaxa. Neðst í hægra horninu sést steinn með tölustöfum á. Allar götur í Havana eru merktar með slíkum steinum.*

mennirnir ykkur ekki mikla athygli?

„Við fengum eiginlega engan frið fyrir karlmönnum. Hvort sem var frá leigubílstjórum eða gestum á skemmtistöðum. Kúbverjum þykir mjög eftirsóknarvert að kynnast ferðamönnum því þeir geta sjálfir ekki farið úr landi. Í fyrsta lagi hafa þeir ekki efni á því og svo er mjög erfitt að fá vegabréfsáritun nema þeir þekki einhvern utan landsins sem er reiðubúinn að taka ábyrgð á þeim og borga fyrir þá flug og uppihald. Flesta Kúbverja, sérstaklega þá ungu, langar að komast úr landinu og skoða sig um. Besta leiðin til þess er að ná sér í erlenda kærustu eða kærasta. Þeir eru tilbúnir að leggja ýmislegt á sig til að það takist."

## Soðinn harðfiskur með tómatsósu og grænmeti

„Ég var heilluð af Kúbu og það er mikill kostur hvað ferðamenn eru verndaðir þar. Ferðamenn gefa af sér mikla peninga og því má ekkert gera sem gæti fælt þá frá landinu. Það mátti sjá lögregluþjóna á nánast hverju götuhorni. Maður gat óhræddur gengið um þröng og dimm húsasund enda Kúbverjar mjög hlýir að eðlisfari og allir sem við kynntumst vildu allt fyrir okkur gera.

Þrátt fyrir fátæktina sáum við enga betlara. Hins vegar var algengt að fólk væri að bjóða manni hitt og þetta til kaups fyrir einn dollara. T.d. var reynt að selja okkur venjulega mynt með mynd af Che Guevara á einn dollara en myntin var upp á þrjá Kúbupesóa og því hefðum við þurft að fá mun fleiri en eina í skiptum ef þau hefðu átt að vera jöfn.

Efnahagurinn á Kúbu hefur ekki verið verri í yfir þrjá áratugi. En þó að allir eigi lítið reyna þeir að gera það besta úr því sem þeir hafa og eru þeir sáttir við sitt. Eins og þegar við færðum kennaranum okkar og fjölskyldu hans harðfisk gjöf, þá urðu þau afar þakklát. Þau sögðust ekki hafa fengið svona í mörg ár og ætluðu að sjóða hann með tómatsósu, grænmeti og lauk. Okkur leist nú ekki á blikuna og reyndum að útskýra að harðfiskurinn væri borðaður eins og snakk á Íslandi. Þau hlustuðu ekkert á okkur og svo þegar við komum eftir helgina í næsta spænskutíma hafði harðfiskurinn verið laugardagsmaturinn hjá þeim. Þau héldu að hann væri þurrkaður saltfiskur og höfðu þau borðað hann soðinn með tómatsósu og fullt af grænmeti og frönskum. Ég get ekki ímyndað mér hvernig þetta hefur smakkast en þau sögðu að þetta hefði bragðast vel.

Við bjuggum í hverfi ríka fólksins í Havana þó að okkur hafi ekki fundist það vera mjög ríkmannlegt. Við höfðum þar sápu og fleira sem er ekki sjálfsagður hlutur á Kúbu. Öll utanríkisviðskipti eru mjög erfið og dýr út af viðskiptabanni Bandaríkjamanna, allt frá 1960. Ekki er mikið hægt að leita til landanna í Mið- og Suður-Ameríku. Efnahagur þeirra er ekkert mikið betri en efnahagur Kúbu og svo geta þeir auðvitað ekkert verslað við nágranna sína í norðri út af viðskiptabanninnu. Eina ráðið er því að leita handan þessara landa og til dæmis þurfa Kúbverjar að fá mjólkurvörur sendar frá Nýja Sjálandi sem eru tvo daga á leiðinni. Þennan mánuð sem við vorum þarna fengum við engar mjólkurvörur, því þær er mjög erfitt að fá og þær eru líka mjög dýrar. Kúbverjar voru áður með kúastofn sem var á rússnesku fóðri sem Rússar sáu þeim fyrir. Þegar Sovétríkin hrundu hættu Rússar að láta þeim fóðrið í té án endurgjalds eins og þeir höfðu gert. Allar beljurnar dóu því Kúbverjar áttu einfaldlega ekki peninga í að borga fyrir svona hluti. Nú eru þeir að koma á fót öðrum kúastofni.

Eins og margir fleiri eru Kúbverjar ekki sáttir við Bush og óttast að ástandið muni versna á meðan hann er forseti Bandaríkjanna því hann hefur talað um að fá fleiri þjóðir til að taka þátt í viðskiptabanninu. Fidel Castro er hins vegar í hávegum hafður á Kúbu. Það er kosið á fimm ára fresti og 78% þjóðarinnar kjósa hann. Þrátt fyrir rússneska kosningu er kallinn mjög umdeildur þó ádeilan sé ekki uppi á borðum. En við fengum að heyra sjónarmið bæði stuðningsmanna og andstæðinga hans. Þeir sem fylgja Fidel telja hann dýrling og segja ótrúlegar hetjusögur af honum. Stór ástæða þess að hann er svona vinsæll er að hann er sterkur leiðtogi þegar eitthvað bjátar á. Fólkið finnur að hann berst með þjóðinni og fyrir hana. Alltaf þegar hætta steðjar að einhvers staðar fer hann á svæðið til að styðja íbúana. Á meðan við vorum á Kúbu var fellibylur væntanlegur yfir Santa Clara og þá fór Fidel þangað til að veita íbúunum stuðning. Þeir sem eru á móti Fidel mega ekki láta það uppi. Hann er leiðtogi sem allir eiga að dýrka og dá og þeir sem gera það ekki eiga að halda því fyrir sig."

## Gangið kvenlegar!

„Castro má eiga það að hann hlúir að menningu. Þegar við vorum úti stóð yfir ballethátíð og núna er kvikmyndahátíð í gangi. Sagt er að mennta- og heilbrigðiskerfið á Kúbu sé það besta í Rómönsku Ameríku. Hins vegar manni finnst eiginlega allt vera bannað á Kúbu,. Til dæmis er bannað að borða humar og bændur mega ekki selja vörur sínar í hús þótt mikill skortur sé á matvælum í búðunum. Fólk er þó löngu hætt að fylgja öllum þessum reglum og af því skapast mörg leyndarmál. Við fengum tvisvar humar þegar við vorum þarna en við máttum bara ekki segja frá því. Fólk er bara að reyna bjarga

sér og reyna að hjálpa hvert öðru til að komast af.

Hlutirnir ganga líka mjög hægt fyrir sig á Kúbu, a.m.k. miðað við Ísland, og maður þurfti að vera alveg sérstaklega þolinmóður. Enda var enginn McDonalds skyndibitastaður þarna. Sú hraðafgreiðsla sem gildir á slíkum stöðum hefði aldrei gengið upp á Kúbu.

Á meðan við vorum úti voru fjórir gjaldmiðlar í gildi en nú eru þeir þrír. Útlendingarnir þurftu að borga í dollurum og innlendir í pesóum. Það er mun hærra fyrir ferðamenn en innlenda. Oft er munurinn 26-faldur þar sem 1 dollari samsvarar 26 Kúbupesóum. Sumar vörur var að vísu bara hægt að fá fyrir dollara eins og í fatabúðum. Einnig var sérstök kúbversk dollarasmámynt. En nú hefur verið lokað á dollarann og heitir gjaldmiðilinn sem kemur í staðinn pesosconvertibles og hefur sama verðgildi og dollari. Ferðamenn þurfa að skipta dollurum sínum yfir í nýja gjaldmiðilinn og ríkið tekur 10%.

Þegar við spurðum hvað við þyrftum að gera til að líta út eins og innfæddar til að geta borgað í Kúbupesóum var svarið: Náið ykkur í smá sólbrúnku, þegið og gangið kvenlegar með því að dilla rassinum. Kúbverjar eru nefnilegar að uppruna annars vegar Spánverjar og hins vegar Afríkumenn og því hefðum við getað líkst Spánverjunum.

Rétt áður en við Hrönn komum til Kúbu höfðu allar vörur verið hækkaðar um 15%. Það er sífellt verið að reyna að fá meira í ríkiskassann og ferðamennirnir eru mikilvæg tekjulind."

## Fidel sér öllum fyrir sjónvarpi

„Kúbverjar hafa í raun mjög litla sýn á umheiminn. Gervihnattadiskar eru bannaðir og Internetið er mjög hægvirkt og dýrt. Þeir lifa í sínum litla heimi þar sem Fidel ræður ríkjum. Hann sá til þess að á öllum heimilum væri sjónvarp svo að fólk gæti meðtekið boðskap hans sem er óspart sendur út. Dóttir konunnar sem við bjuggum hjá var tvítug og við spjölluðum mikið við hana þar sem hún var á sama aldri og við. Henni fannst Fidel vera algjör hetja og dýrlingur. Við spurðum hana hvað henni fyndist um það að það væru einungis gefin út ríkisrekin dagblöð. Hún réttlætti það með því að ef það væri óháð dagblað gætu þeir farið að skrifa eitthvað á móti Fidel, sem væri nú alls ekki nógu sniðugt. Þetta er rosalega klár stelpa en svona var hugsunarhátturinn þarna.

Þó það væri gott að fá að búa á heimili í Havana söknuðum við þess þó stundum að fá að vera ferðamenn og láta stjana við okkur á hóteli. Sérstaklega varð maður leiður á matnum. Engar mjólkurvörur og allt er steikt upp úr svínafeiti. Margir halda að maturinn á Kúbu sé líkur því sem tíðkast í Mið-Ameríku, eins og til dæmis í Mexíkó. Það var ekki svo gott en auðvitað er þetta ekki algild staðhæfing að á öllum kúbverskum heimilum sé maturinn svona fituríkur en það var allavega mjög algengt.

Það eiga ekki margir bíl á Kúbu en það er auðvelt að komast milli staða og úr mörgum fararskjótum að velja eftir því hvað fólk vill borga mikið. Við ókum alltaf með gömlum Chevrolettum í bæinn en þeir ganga ákveðnar leiðir eins og strætóar. Maður veifar bara hendinni, stekkur upp í og borgar nokkrar krónur. Á leiðinni taka þeir fólk upp í og það er troðið eins og mögulegt er. Stundum stoppuðu venjulegir heimilisbílar fyrir okkur og buðu okkur far fyrir nokkra dollara."

## Línudans við rokk

„Við Hrönn skelltum okkur á rokktónleika í Havana sem var pínulítið sérstakt. Rokkið er ekki eins stór hluti af dægurmenningunni þar og á Íslandi. Aðeins er einn staður sem heldur litla rokktónleika einu sinni í viku. Þar eru spilaðir gamlir rokkslagarar og allir dansa línudans sem er óneitanlega skondin blanda.

Meðal þess sem við skoðuðum var stærsta vindlaverksmiðjan í Havana. Hún er á fjórum hæðum. Á fyrstu hæðinni er tekið á móti tóbakslaufunum og á annarri situr fjöldi fólks og handvefur vindlana. Gerð eru fjölmörg próf á vindlunum til að kanna hve góðir þeir séu. Þeir eru í ýmsum gæðaflokkum og meðal annars er mældur þrýstingurinn á þeim til að vita hvernig þeir brenna. Í einu herberginu voru nemar sem voru að læra að vefja vindla. Þeir læra það í nokkra mánuði og aðeins þeir bestu fá vinnu í verksmiðjunni. Einn af leiðsögumönnunum spurði okkur hvort við vildum kaupa vindil. Þegar við svöruðum játandi stakk hann tólf vindlum á alla mögulega staði inn á sig og smyglaði framhjá vörðunum.

Mikið er um svartamarkaðsbrask á Kúbu og öllum þykir það mjög eðlilegt. Fólk er bara að reyna komast af. Matarskömmtunarbækur eru enn í notkun. Í þeim stendur hvaða markað viðkomandi fjölskylda á að sækja og hvað hún fær mikið af hverri vörutegund. Stundum er til svo lítið af hverju að það hvað er í matinn stjórnast alfarið af því hvað fæst á markaðinum. Sígarettur eru einnig skammtaðar eftir þessu kerfi en fólk fær þó nóg af þeim. En þrátt fyrir að fólkið hafi lítið og sé einangrað er það mjög lífsglatt og sátt við sitt."

## Í Guatemala ganga allir með byssur

„Frá Kúbu fór ég til Guatemala og bjó hjá fjölskyldu sem Aðalbjörg vinkona mín hafði búið hjá sem skiptinemi. Það var mjög gaman að búa svona inni á venjulegu heimili, fá guatemalískan mat og handþvo fötin sín. Maður fékk hversdagslífið í Guatemala beint í æð. Um það leyti sem ég var þar gekk kuldabylgja yfir landið og í vikutíma minnti veðrið á íslenskt sumar. Við Aðalbjörg vorum duglegar að ferðast og heimsóttum meðal annars þorp Maya-indíána. Það var eins og að fara aftur í tímann því fólk gekk um í indíánaskrúða. Einnig fórum við í kúrekabæ þar sem fólk var með kúrekahatta og í kúrekastígvélum eins og ekkert væri eðlilegra. Það var mjög skrítið að upplifa þessa stemmningu sem maður hélt að tilheyrði orðið fortíðinni. Ég kunni ekki við að taka myndir á þessum stöðum því þetta var bara fólkið að lifa sínu lífi og ég vildi ekki koma fram við það eins einhver sirkusdýr.

Ég var samt frekar smeyk við að vera í Guatemala því það var mikið um að ferðamannarútur væru rændar. Byssumenn hoppuðu þá upp í rúturnar, tóku peningana og skutu kannski þrjá á leiðinni út sér til gamans. Allir eiga og ganga með byssur í Guatemala. Á meðan við vorum þar var hátíð í bænum sem við dvöldum í og þar voru sölubásar og tívolítæki. Einn fullur náungi stóð á hátíðarsvæðinu og var að leika sér að því að skjóta upp í loftið. Það er voða lítil hjálp í löggunni því hún þiggur mútufé og setur fáa í steininn. Til skemmtunar var boðið upp á Parísarhjól en þau eiga að vera útsýnistæki og snúast hægt í hringi. Það var knúið af traktor en hægagangurinn þótti ekki nógu spennandi svo allt var gefið í botn til að hjólið færi nógu hratt.

Sú almenna skynsemi sem við í vestræna heiminum tökum sem sjálfsagðan hlut er ekki svo sjálfsögð þarna. Allir keyra eins og brjálæðingar og búið er að klippa öryggisbeltin úr bílunum. Alls konar bábiljur eru ríkjandi þarna. Til dæmis telur fólk að þegar börn fá mikinn hiksta stafi það af því að þau séu búin að pissa svo mikið.

Frá Guatemala kom ég heim. Það var skrítið eftir allan hasarinn, hálfgert spennufall en mjög gott líka. Ég á þó hiklaust eftir að ferðast meira í framtíðinni og öruggt að ég heimsæki Kúbu aftur. Á Kúbu er umhverfið afslappað og verndað, auk þess sem fólkið þar er indælt. Veraldlegir hlutir skipta litlu máli og lífsgæðakapphlaupið er ekki atriði", segir ísfirski ferðalangurinn Hafdís Sunna Hermannsdóttir.

*– thelma@bb.is*

*Mestur uppbótarkvóti hefur komið í hlut Þingeyrar.* *Ljósm: Páll Önundarson.*

**Gríðarlegur munur á milli byggðarlaga við úthlutun uppbótarkvóta**

# Mestur uppbótarkvóti hefur komið í hlut Þingeyrar

Súgfirðingar hafa einungis fengið lítið brot af þeim uppbótarkvóta sem úthlutað hefur verið til byggðarlaga á norðanverðum Vestfjörðum. Hlutur þeirra er einungis innan við 10% af því sem í hlut Þingeyringa hefur komið. Sláandi munur er á milli einstakra byggðarlaga sem erfitt er að útskýra með mismunandi aðstæðum. Heildarverðmæti aflaheimilda er um 613 milljónir króna sem komið hefur í hlut 6 byggðarlaga. Á síðustu sex fiskveiðiárum hefur verið úthlutað samtals 7.892 þorskígildistonnum til byggða á norðanverðum Vestfjörðum fyrir utan hefðbundið úthlutunarkerfi fiskveiðistjórnunarkerfisins. Í þessum tölum eru svokallaðir byggðakvótar, krókabætur, fiskeldiskvóti, byggðakvóti ráðherra og bætur vegna aflabrests.

Langmest hefur komið í hlut Þingeyrar eða 2.231 tonn. Til Bolungarvíkur hefur verið úthlutað 1.740 tonnum, til Flateyrar 1.379 tonnum, til Ísafjarðar 1.289 tonnum, til Hnífsdals hafa runnið 679 tonn, í hlut Súðavíkur hafa komið 256 tonn og minnst hefur komið í hlut Súgfirðinga eða 196 tonn. Að auki bíður 120 tonna ráðherrakvóti útdeilingar í Ísafjarðarbæ. Þessar tölur koma frá Fiskistofu.

Af einstökum tegundum uppbótarkvóta hefur mest komið í svokallaðar krókabætur eða 2.860 tonn. Byggðakvóti Byggðastofnunar er 2.128 tonn, bætur vegna aflabrests í rækju- og skelveiðum er 1.643 tonn, byggðakvóti ráðherra er 771 tonn og í eldiskvóta hefur verið úthlutað 275 tonnum. Að auki er óútdeilt 120 tonnum af ráðherrakvóta eins og áður sagði.

Erfitt er hægt að slá neinu föstu um verðmæti þess kvóta sem úthlutað hefur verið á undanförnum árum. Eftir samtöl við ýmsa aðila sem þekkja vel til kvótasölu er þó ekki óvarlegt að miða við 80 krónur fyrir hvert kíló þorskígildis. Að því gefnu er heildarverðmæti kvótans rúmlega 631 milljón króna. Hefur þá mesta verðmætið runnið til Þingeyrar eða tæpar 175 milljónir króna, til Flateyrar 110 milljónir króna, til Ísafjarðar 103 milljónir króna, til Hnífsdals 54 milljónir króna, til Súðavíkur rúmar 20 milljónir króna og til Suðureyrar hafa komið tæpar 16 milljónir króna. Hlutur Suðureyrar er einungis innan við tíund af hlut Þingeyringa.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar sviptingar í sjávarútvegi í flestum þessum byggðarlögum. Auk aflabrests í rækju- og skelveiðum hafa flest þessi byggðalög orðið fyrir miklum áföllum vegna brottflutnings aflaheimilda. Vandséð er hins vegar hvernig sá gríðarlegi munur verður til sem óneitanlega er á milli byggðarlaga sem búið hafa við að mörgu leyti svipaðar aðstæður. Þó má nefna að stærsta einstaka úthlutunin er sú ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að úthluta öllum byggðakvóta Byggðastofnunar til Þingeyrar þrátt fyrir að hann hafi í upphafi einnig verið ætlaður Flateyri og Suðureyri. Með þeirri ákvörðun komu samtals 1.935 tonn í hlut Þingeyringa á fimm árum. Byggðastofnun afréð fyrir skömmu að framlengja þá úthlutun í tvö ár gegn mótmælum bæjarstjórnar. Þess má geta að þær reglur sem unnið hefur verið eftir hafa oft tekið breytingum á undanförnum árum.

Í Morgunblaðinu í síðustu viku var viðtal við Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra þar sem hann ræddi nýjustu úthlutun ráðuneytisins í byggðakvóta. Þar segir m.a.: „Sagði Árni að mörg dæmi væru um að einstakar byggðir hefðu nýtt byggðakvótann vel og væru ekki lengur háð úthlutunum uppbótarkvóta. Nefndi hann meðal annars Flateyri og Suðureyri í því sambandi en hvorug þessara byggða fær úthlutað byggðakvóta nú. Árni sagði einnig dæmi að byggðir væru enn í vanda, þrátt fyrir að þau hefðu fengið byggðakvóta en þar væri helst um allra minnstu byggðirnar að ræða.“

Ef marka má orð ráðherra hafa Súgfirðingar nýtt sín 196 tonn vel í samanburði við þær úthlutanir sem komu í hlut annarra byggðarlaga. *– hj@bb.is*

**Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps fyrir árið 2005 lögð fram**

# Ráðgert að framkvæma fyrir 79 milljónir króna

Súðavíkurhreppur ráðgerir framkvæmdir fyrir 79 milljónir króna á næsta ári sem fjármagnaðar verða með eigin fé og lántökum. Tekjur hreppsins og stofnana hans eru áætlaðar rúmar 110 milljónir króna á árinu og útgjöld 111 milljónir sem svarar til 1,1 milljóna króna rekstrarhalla fyrir fjármagnsliði og afskriftir. Framangreindar upplýsingar koma fram í fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnana hans fyrir árið 2005 sem lögð var fram til fyrri umræðu í síðustu viku.

Fjármunatekjur eru áætlaðar rúmar 15,6 milljónir króna og afskriftir 11,5 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða er því jákvæð um tæpar 3 milljónir króna. Helstu framkvæmdir hreppsins á árinu er bygging atvinnuhúsnæðis á Langeyri og bygging tveggja einbýlishúsa. Áætlað er að framkvæmdir verði fjármagnaðar með eigin fé og lántökum. Fjárhagsáætluninni var samhljóða vísað til seinni umræðu sveitarstjórnar. *– hj@bb.is*

*Frá Súðavík.*

## Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf., á Suðureyri

# „Sjávarútvegsráðherra stráir salti í sárin með ummælum sínum“

Óðinn Gestsson framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. á Suðureyri segir sjávarútvegsráðherra vera að strá salti í sár manna á Suðureyri með ummælum sínum í Morgunblaðinu á dögunum um úthlutun byggðakvóta. Óðinn segir úthlutun byggðakvóta á norðanverðum Vestfjörðum á liðnum árum hafa skekkt gríðarlega samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu. Hann segir að kvóti sem ætlaður var Suðureyri hafi verið nýttur til uppbyggingar fyrirtækis sem nú eigi aðsetur á Djúpavogi. Einnig segir hann þann grun læðast að sér að úthlutun sé ákveðin fyrst og síðan séu reglurnar ákveðnar til þess að réttlæta útkomuna.

„Með þessum ummælum sínum er ráðherra að strá salti í sár okkar hér á Suðureyri. Hann hlýtur að hafa sagt þetta í einhverju fljótræði. Hingað hefur engum byggðakvóta verið úthlutað á undanförnum árum, sem máli skiptir“, segir Óðinn.

Í frétt hér til hliðar er birt samantekt um úthlutun uppbótarkvóta á liðnum árum. Þar kemur fram að mikill mismunur er á milli einstakra byggðarlaga á norðanverðum Vestfjörðum. Minnst hefur komið í hlut Suðureyrar en mest í hlut Þingeyrar. Í fréttinni var einnig vitnað í ummæli Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra í Morgunblaðinu. Þar sagði m.a.: „Sagði Árni að mörg dæmi væru um að einstakar byggðir hefðu nýtt byggðakvótann vel og væru ekki lengur háð úthlutunum uppbótarkvóta. Nefndi hann meðal annars Flateyri og Suðureyri í því sambandi en hvorug þessara byggða fær úthlutað byggðakvóta nú. Árni sagði einnig dæmi að byggðir væru enn í vanda, þrátt fyrir að þau hefðu fengið byggðakvóta en þar væri helst um allra minnstu byggðirnar að ræða.“

Aðspurður um einstakar úthlutanir segir Óðinn „Það er sammerkt með öllum þessum úthlutunum að þær koma til vegna breytinga í umhverfinu, nema ef vera skyldi eldiskvótinn. Honum er úthlutað í þágu vísindanna og get ég í sjálfu sér fallist á að það eigi að gera það, ef hægt er að sýna fram á að það sé til hagsbóta fyrir svæðið og ekki síst alla landsmenn. Ef við veltum fyrir okkur breytingum í umhverfinu og hvers eðlis þær eru þá vita allir að rækjustofninn hrundi og þannig hvarf kvóti. Þeim útgerðum er bætt það upp að einhverju leyti og ekkert óeðlilegt við það á meðan slíkur kvóti er tekinn af öllum flotanum. Slíkt gerist ekki í dag þar sem loðnuflotinn leggur engan kvóta til slíkra hluta þrátt fyrir að hafa fengið úthlutað miklum varanlegum aflaheimildum í bolfiski þegar loðnubrestur varð á árum áður. Þegar kemur að því að bæta byggðarlögum upp önnur áföll sem orðið hafa eins og breytingar sem orðið hafa á útgerðarháttum og fleira, þá blasir það við að einungis fáum útvöldum er bættur sá skaði. Þar hafa ekki allir setið við sama borð og raunar sýna tölur að byggðarlögum hefur verið stórlega mismunað.“

Eins og kom fram í fréttinni hér til hliðar eru ákveðin verðmæti fólgin í úthlutun aflakvóta. Aðspurður segir Óðinn að sú mismunun sem hafi viðgengist við úthlutun uppbótarkvóta hafi skekkt mjög samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu.

„Öll eru fiskvinnslufyrirtækin á þessum stöðum að keppa á sama markaði. Það segir sig sjálft að sá mismunur sem er í úthlutun hefur komið mjög niður á uppbyggingu fyrirtækjanna. Þar brennur mest á okkur sá ójöfnuður sem átti sér stað við úthlutun byggðakvótans til Þingeyrar á sínum tíma með ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Þangað var úthlutað kvóta sem upphaflega var ætlaður Suðureyri. Kvóti sem varð til vegna erfiðrar stöðu á Suðureyri var nýttur til þess að bæta stöðu Þingeyrar og gera með því stöðu Suðureyrar ennþá verri. Á fimm ára tímabili runnu rúm 500 tonn til Þingeyrar af kvóta sem ætlaður var Suðureyri og þau tonn voru notuð til þess að byggja upp eiginfjárstöðu fyrirtækis á Þingeyri. Það fyrirtæki hefur nú verið sameinað fyrirtæki á Djúpavogi og er með lögheimili þar. Hvað gerist næst veit enginn. Það hefur kannski verið tilgangurinn allan tímann að byggja upp öflugt fyrirtæki á Djúpavogi með kvóta sem var ætlaður Súgfirðingum, Flateyringum og Þingeyringum í upphafi. Kannski eigum við bara að gleðjast fyrir þeirra hönd. Þeir hafa verið að gera ágæta hluti og eru einfaldlega snjallari en við hér, eða hvað“.

*Óðinn Gestsson.*

Óðinn segir byggðakvóta ekkert annað en útgerðar- og hráefnisstyrk og því hafi samkeppnisstaða Súgfirðinga stórlega versnað á undaförunum árum þar sem fyrirtækin í nágrenninu hafi fengið útgerðar og hráefnisstyrki fyrir tugi milljóna á ári hverju. „Leikreglum hefur verið breytt af handahófi á hverju ári og sá grunur læðist að manni að útkoman sé ákveðin fyrst og síðan séu reglurnar tilbúnar, til þess að réttlæta útkomuna. Svo er einnig nú. Á sama tíma og samkeppnislög eru hert viðgengst það að ráðherra eða stofnanir á vegum stjórnvalda úthluti að eigin geðþótta eða að minnsta kosti án haldbærra raka tugum milljóna til einstakra fyrirtækja og stórskekki þannig samkeppni í greininni.“

Aðspurður hvað hann eigi við með að útkoman hafi verið ákveðin fyrst segir Óðinn að þegar einstakar úthlutanir í byggðakvóta séu skoðaðar hljóti menn að sjá að þrátt fyrir keimlíkar aðstæður í byggðunum þá hafi eitthvað annað ráðið niðurstöðu úthlutana en sanngirni.

Óðinn segir það ekki hafa verið byggðakvóti sem var undirstaðan í þeirri vinnslu sem farið hafi fram á Suðureyri á undanförnum fimm árum þrátt fyrir að sjávarútvegsráðherra haldi því fram. „Hér hefur það verið afli af heimabátum og bátum sem gert hafa héðan út sem haldið hafa uppi fiskvinnslu. Einnig hefur Fiskvinnslan Íslandssaga hf á undanförnum árum reynt að fjárfesta í veiðiheimildum og þá sérstaklega í ýsu. Á sama tíma hafa aðrir ekki þurft að leggja út fyrir veiðiheimildunum úr eigin vasa heldur fengið þær að stórum hluta með úthlutun byggðakvóta.“

Hvað hefði gerst á Suðureyri ef þangað hefði runnið viðlíka byggðakvóti og í önnur byggðalög sagði Óðinn: „Ég tel að ef Íslandssaga hefði fengið sömu tækifæri og önnur fyrirtæki þá hefðum við notað þau til þess byggja upp útgerð á stórum bát sem hefði verið notaður samhliða þeirri útgerð sem rekin er á Suðureyri í dag. Þannig hefðum við tryggt okkur stöðugra hráefni til vinnslu á þeim mánuðum sem eru hvað erfiðastir fyrir smábátaútgerð. En það hefur ekki orðið ennþá. Við munum væntanlega reyna að halda okkar striki sem hingað til því við búumst ekki við að nein stefnubreyting muni eiga sér stað hjá stjórnvöldum í þessum efnum.“

*– hj@bb.is*

## Lárus G. Valdimarsson bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ

# „Gengi loforða ráðherra ríkisstjórnarinnar ekki hátt hér vestra“

Lárus G. Valdimarsson bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ segir öll loforð góðra gjalda verð en miðað við reynslu Vestfirðinga af fyrri loforðum ráðherra ríkisstjórnarinnar sé gengi þeirra loforða, sem ráðherrar gáfu formanni bæjarráðs og bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, ekki hátt. Þeir gengu sem kunnugt er á fund fjögurra ráðherra og ræddu málefni Orkubús Vestfjarða í kjölfar þeirra frétta að til stæði að sameina rekstur þess Landsvirkjun og Rarik.

Lárus segir erfitt að skilja hvaða þörf sé á því að styrkja stöðu Landsvirkjunar með því að sameina rekstri hennar tvö minni raforkufyrirtæki. „Ég hefði talið nærtækara að sameina rekstur Rarik og annarra orkufyrirtækja á kjördæmavísu. Með því gæti orðið til sterkt fyrirtæki með höfuðstöðvar á Ísafirði. Landsvirkjun ber slíkan ægishjálm yfir önnur orkufyrirtæki að ég sé ekki tilganginn út frá samkeppnissjónarmiðum að bæta enn frekar við þann styrk“.

*Lárus G. Valdimarsson.*

Aðspurður hvort einhver ástæða sé til þess að efast um loforð þau sem ráherrarnir gáfu, segir Lárus því miður svo vera. „Ég get því miður ekki séð ástæðu til þess að taka loforð þeirra alvarlega. Ég minni á þau loforð sem gefin voru skömmu fyrir kosningar árið 2002. Ég minni líka á orð Einars Odds Kristjánssonar á sínum tíma þess efnis að sameining Orkubúsins við önnur orkufyrirtæki yrði ríkinu til einskis ávinnings en Vestfjörðum til óendanlegs tjóns. Einhver svipuð orð heyrðust frá nafna hans Einari Kristni. Af einhverjum ástæðum heyrist ekkert frá þeim köppum nú.

Ef þessi sameining er slíkt þjóðþrifamál sem nú er látið í veðri vaka, hvers vegna var þá ástæða til þess að vera með alla þessa leynd í kringum þær hugmyndir? Dettur einhverjum heilvita manni í hug að stjórnmálamaður sem er með hugmyndir um atvinnueflingu á landsbyggðinni haldi slíkum hugmyndum leyndum og vinni aðeins við þær í skjóli myrkurs eins og Valgerður gerði í þessu tilfelli? Fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar verða auðvitað að ákveða það sjálfir af hversu litlu þeir verða fegnir. Ég segi hins vegar að mey skal að morgni lofa“, segir Lárus.

*– hj@bb.is*

# Vonast til að sjá þróun í fr sínu heimalandi áður en h

**André Labuschagne er Suður-Afríkumaður sem búsettur hefur verið á Ísafirði um nokkurt skeið. Hann fór frá sinni stríðshrjáðu heimsálfu á sínum tíma til að reyna að öðlast betra líf á nýjum slóðum. Hann segir að þrátt fyrir skelfilegt ástand á mörgum stöðum í Afríku trúi hann því enn að framtíðin sé björt fyrir íbúa álfunnar. Þó sé líklegt að umbætur þar eigi eftir að taka langan tíma. André sagði blaðamanni Bæjarins besta frá lífinu og uppvextinum í Afríku, ferðalögum sínum um Evrópu og Miðausturlönd og hinu nýja lífi á Íslandi.**

### Faðirinn myrtur

André fæddist í Ródesíu, sem nú heitir Zimbabwe, og ólst þar upp fyrstu ár ævi sinnar.

„Þegar ég fæddist var landið bresk nýlenda. Við fluttum í burtu ári eftir að svörtu stjórnmálamennirnir tóku við stjórn landsins. Þá strax voru lög og regla á hröðu undanhaldi og það var engin leið til að sækja sér menntun í landinu. Pabbi, sem var landeigandi en vann fyrir hið opinbera við að gæta dýra í þjóðgarði, hafði þá nýlega verið myrtur eins og svo margir aðrir, bæði á þeim tíma og síðan. Mamma mín ákvað að nágrannalandið Suður-Afríka væri eini kosturinn í stöðunni. Mamma er stórmerkileg kona, að ná að rífa sig upp með tvö börn og þúsund Ródesíudollara, sem var það mesta sem mátti taka á milli landa. Henni tókst með harðfylgi að skapa sér og okkur nýtt líf með þessu.“

### Af fátækt sprettur hatur

– Þú segir að faðir þinn hafi verið myrtur. Var þá strax farið að bera á því að landeigendur væru myrtir?

„Það hefur lengi verið þannig. Vandamálið þá var það sama og nú, of fáir sem hafa eitthvað á milli handanna og of margar milljónir manna sem eiga ekkert. Menn stela skónum þínum af því að það er eina leiðin fyrir þá til að eignast skó. Af sömu ástæðu voru og eru bændur og aðrir eignamenn myrtir. Úr svona mikilli fátækt og vonleysi sprettur gífurlegt hatur.

Gallinn er líka sá, að þegar búið er að drepa hvíta landeigandann er enginn til að stjórna. Ekki svo að skilja að ég haldi að svartir menn geti ekki rekið búgarð, heldur er vandamálið, eins kjánalegt og það kann að hljóma, að þeir lúta ekki stjórn hver annars. Þeir eru tilbúnir að vinna fyrir hvítan yfirmann en ekki svartan.“

### Engin svört millistétt

– Er þá engin stéttaskipting meðal svartra í landinu? Eru engir svartir yfirstéttarmenn?

„Jú, vissulega. Nokkrir úr svarta meirihlutanum eru gífurlegir eignamenn en allir hinir lifa í algerri örbirgð. Það er ekkert þar á milli. Það er ekki til nein svört millistétt á þessu svæði.

Stéttaskiptingin meðal svartra er að mörgu leyti meðfædd. Það skiptir öllu hvaða ættbálki þú tilheyrir. Þú getur verið metnaðarlaus róni en samt verið talinn merkari maður en einhver annar sem reynir að vinna fyrir sér og skapa sér eitthvað, bara ef þú ert af fínni ættflokki.“

### Hefur trú á framtíðina

– Geturðu séð einhverja framtíðarlausn fyrir þjóðirnar á þessu svæði? Heldurðu að það sé einhver framtíð þarna?

„Já, það geri ég. Ég trúi því að hið góði sigri alltaf hið illa á endanum. Og þá skiptir engu máli hversu lengi hið illa hefur ríkt.

Eins og með aðskilnaðarstefnuna. Ég held að hún hafi verið af hinu illa. Þar var aðskilnaðinum stjórnað með harðri hendi og engar undanþágur leyfðar og svoleiðis stjórnarfar er bara heimskulegt. Ef einhver sýnir frumkvæði, dugnað og greind, þá á að taka tillit til hans, sama hvort hann er hvítur eða svartur.

Ég held að í miðri geðveikinni sem ríkir í Afríku eigi eftir að fæðast hópur manna sem lifir ekki í fortíðinni og einbeitir sér ekki að því að hata náungann út af einhverju sem gerðist fyrir áratugum eða árhundruðum. Þessi hópur á eftir að einbeita sér að þörfum samfélagsins á þeim tíma og á eftir að hreinsa upp óþverrann.“

### Aðstoðin virkar ekki sem skyldi

– Hvaða áhrif hafa afskipti Vesturlanda af Afríku? Er ekki sorglegt að horfa upp á ríkar þjóðir dæla mat og lyfjum inn í álfuna á sama tíma og þær selja skæruliðum vopn?

„Þetta er einfaldlega ekki að virka, því miður ekki. Yfirleitt er öllum vistum sem koma rænt til að fjármagna vopnakaup. Stundum eru hvatirnar að ránunum þó enn frumstæðari. Ég var einu sinni að vinna við að taka á móti dönskum skipum í Höfðaborg, en í þeim var eitt stykki skóli, þ.e. glænýjar tölvur, húsgögn og allt. Fyrstu nóttina brutust öryggisverðirnir sjálfir inn í gámana og það vakti athygli mína að það eina sem var stolið var límið.“

### Vel meinandi fólk

„Ég er þó ekki að segja að vestræn aðstoð sé algerlega gagnslaus. Á ákveðnum svæðum er verið að gera gagn og það eru nokkrir heppnir einstaklingar sem fá hjálp, og þá er ég að tala um fólk sem virkilega þarf á hjálp að halda.

Málið er bara að ef þú ætlar að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda, þá þarftu í fyrsta lagi að vera heppinn til að komast til fólksins lifandi. Í annan stað þarftu að vera enn heppnari til að komast með hjálpargögnin á áfangastað, og í þriðja lagi er ekkert víst að þú komist þaðan aftur lifandi.

Það er fullt af vel meinandi vestrænu fólki sem fer til Afríku, fullt hugsjóna og staðráðið í að gera gagn, sem annað hvort gefst upp eftir hálft ár, eða það sem verra er, tapar lífi eða limum.“

### Gráðugar glæpaklíkur

„Þetta er svo sorglegt, vegna þess að Zimbabwe, þar sem ég fæddist, er eitt ríkasta land í heimi þegar litið er til landgæða. Þar er allt til alls, tin, gull, silfur og demantar, auk þess sem landið er gífurlega frjósamt. Þú getur hent kjarnanum af eplinu sem þú varst að borða á jörðina og nokkrum vikum seinna er þar lítil planta.

Öll þessi gæði verða að engu fyrir almenning landsins þar sem glæpaklíkurnar sem ráða landinu eru svo gegnsýrðar af græðgi að það kemst ekkert annað að. Til dæmis er núverandi forseti landsins, Robert Mugabe, einn miskunnarlausasti maður veraldar, og jafnframt einn sá auðugasti. Þrátt fyrir allt þetta fé hef ég aldrei séð manninn brosa. Hversu marga milljarða dollara í viðbót þarf hann til að verða ánægður?“

### Illskan mun eyða sjálfri sér

– En ef Mugabe yrði drepinn eða myndi tapa völdum á annan hátt, heldurðu ekki að það komi bara einhver annar svipaður og hrifsi völdin?

„Það hefur vissulega gerst, en ég vona og trúi að á endanum komi einhver skárri. Einfaldlega vegna þess að ég trúi ekki öðru en að á endanum muni þessi græðgi og mannvonska eyða sjálfri sér, þó ekki sé nema fyrir hægfara þróun mannkynsins.

Nú eru að fæðast kynslóðir sem eiga pabba, afa, föðurbróður og fleiri sem dáið hafa í þessum endalausu átökum milli þjóða og innbyrðis, og ég trúi ekki öðru en að á endanum hætti menn að sætta sig við þetta og hætti að drepa hver annan.“

### Vonast til að sjá þróun í friðarátt

– En telurðu líklegt að þessar breytingar eigi eftir að verða á næstu áratugum, eða meðan þú dregur enn andann?

„Nokkrir áratugir eru langur tími og á þeim tíma geta hlutirnir breyst. Ég hef alltaf lifað í þeirri von að á þeim tíma geti orðið að minnsta kosti einhver friður. Ég reikna ekki með því að þar verði sama jafnrétti og virðing manna á milli eins og við höfum til dæmis á Íslandi, en ég vonast eftir svolitlum friði. Ég trúi því að ég eigi eftir að sjá einhverja þróun í friðarátt í mínu heimalandi áður en ég dey.“

### Neyðin mikil

– Hvenær og hvers vegna fórstu frá Afríku?

„Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar var ég alveg hættur að hafa nokkra trú á því að hlutirnir myndu breytast á næstunni. Ég hafði í þrjú ár verið í hernum og hafði verið að verja þjóðgarð í norðurhluta Suður-Afríku. Þar er mikið dýralíf og margar tegundir dýra sem eru í útrýmingarhættu. Garðurinn er varinn af miklu afli enda er það eina leiðin til að verja hann.

Á þessum tíma sá ég mikinn fjölda fólks flýja til landsins frá Zimbabwe, Mozambique og öðrum löndum. Fólkið var að flýja styrjaldir í sínum löndum en stefna suður-afríska stjórnvalda var að senda alla rakleitt heim aftur. Fólkið kom yfirleitt í gegnum þennan þjóðgarð og margir voru hreinlega étnir af ljónum og öðrum dýrum á leiðinni. Það lýsir neyð þessa fólks nokkuð vel að það vildi frekar synda yfir á fulla af krókódílum heldur en að vera í sínu heimalandi.“

### Fann fyrir uppgjöf

„Ég hafði á sínum tíma boðið mig fram til herþjónustu, einfaldlega vegna þess að ég vildi reyna að gera eitthvað gott. Ef menn voru í hernum höfðu þeir að minnsta kosti eitthvert vald og gátu látið gott af sér leiða. Margir sem voru í svipuðum sporum og ég voru löngu farnir frá álfunni. Það má segja að þeir hafi verið heppnir, því að þeir fundu enga þörf til að reyna að breyta hlutunum heldur gátu með góðri samvisku hugsað bara um sjálfa sig.

Ég aftur á móti vildi komast í valdastöðu svo ég gæti hjálpað einhverjum. Ég vil ekki meina að byssan sem ég fékk frá hernum hefði veitt mér eitthvað vald, enda hafði ég borið vopn síðan ég var nógu gamall til að geta loftað þeim. En hermenn og lögreglumenn hafa ríkisvaldið á bak við sig og það veitir þeim ákveðna möguleika.

Ég nýtti þetta til að hjálpa eins mörgum og ég gat þegar ég var að vernda þennan þjóðgarð og vil meina að ég hafi bjargað nokkrum lífum, bæði manna og dýra. Að lokum fann ég þó fyrir svo mikilli uppgjöf. Ég einhvern veginn áttaði mig á því að það skipti engu hversu mikið ég reyndi, ég gæti ekki breytt nokkrum sköpuðum hlut og það var vonlaust fyrir mig að ætla að skapa mér einhverja framtíð.“

### Á móti aðskilnaði

„Þá spilaði líka mikið inn í að ég hafði aldrei verið hlynntur aðskilnaðarstefnunni enda var ég ekki fæddur Suður-Afríkumaður. Þegar ég var að alast upp í Zimbabwe var besti vinur minn svartur.“

– Og það hefði ekki gengið upp í Suður-Afríku?

„Það hefði einfaldlega verið ólöglegt. Ungum, hvítum drengjum í Suður-Afríku, þar á meðal mér þegar ég flutti þangað, var sagt að þeir væru æðri hinum svörtu. Menn voru einfaldlega aldir upp í þeirri trú. Þar sem ég hafði ekki fæðst þarna og þekkti annað var ég alltaf á móti þessum aðskilnaði.

Þegar ég fór frá Afríku fann ég að hlutirnir voru að breytast. Aðskilnaðarstefnan var á undanhaldi og ég vissi að umskiptin myndu ekki verða friðsamleg.“

### Til Miðausturlanda

– Þegar þú fórst, hvert fórstu?

„Ég fór fyrst til Lundúna og vann þar í tvo og hálfan mánuð. Þá keypti ég mér bíl og ók um Bretland og vann hér og þar. Að lokum hitti ég mann sem bauð mér vinnu í Þýskalandi. Þangað fór ég og eyddi næstu fjórum árum í að flakka um Evrópu, vann mér inn smávegis pening á einum stað og fór þá eitthvað annað.

Þegar ég var að vinna í Grikklandi hitti ég mann frá Nýja Sjálandi sem hafði lengi búið og unnið í Ísrael. Við urðum fljótt góðir vinir og hann bauð mér starf í Tel Aviv. Mér þótti það mjög áhugavert því mig hafði alltaf langað til Ísraels. Og þá langaði mig sérstaklega til Jerúsalem til að komast að því hvað væri svo merkilegt við þennan stað að heilu menningarheimarnir nenntu að slást um hann.“

### Mikið að gera í byggingariðnaði

„Næstu tvö árin dvaldi ég hér og þar í hinum múslímska heimi. Vestast fór ég til Marokkó, austast til Írans. Víðast hvar í Miðausturlöndum er gífurlega mikið að gera í bygg-

# riðarátt í
# ann deyr

ingariðnaði, einfaldlega vegna þess að eins og í Afríku eru hús jöfnuð við jörðu í ófriði á hverjum degi.

Þessi vinur minn sem hafði boðið mér vinnuna í Ísrael á sínum tíma fékk nóg af ástandinu og ákvað að fara til Íslands að vinna. Þá nýlega hafði á þriðja tug saklausra manna látist í sprengingu í strætisvagni í Ísrael. Þar að auki höfðu menn með vélbyssur og handsprengjur vaðið inn í spilakassasal en svo vildi til að við tveir vorum þar staddir á þeim tíma. Hann sagðist vera búinn að fá nóg af þessu, vildi fara til Íslands og vinna í fiski og bauð mér að koma með.

Á þeim tíma var ég ánægður í vinnunni og vildi hvergi fara. Ég var mjög eftirsóttur starfskraftur í fyrirtækinu, einfaldlega vegna þess að ég var „trúarlega hlutlaus“, ef svo má að orði komast. Þess vegna gat ég unnið hvar sem er og með hverjum sem er. Ég sagðist þó kannski myndi hitta hann á Íslandi einhvern daginn.“

## Aftur heim til Afríku

„Um þetta leyti fékk ég símhringingu frá mömmu sem sagði mér að fósturpabbi minn væri mjög veikur og myndi ekki hafa það af. Hún spurði hvort það væri ekki tími til kominn að ég kæmi heim. Þetta var um það bil fimm árum eftir að ég fór.

Ég var orðinn nokkuð þreyttur á látunum í Miðausturlöndum og ákvað að snúa aftur heim. Ég kom heim rétt áður en stjúppabbi minn dó. Ég fór strax að vinna, bæði sem kafari sem ég hafði áður gert og hafði mikið yndi af, en þar að auki stofnaði ég lítið fyrirtæki, tók að mér ýmiskonar málningarvinnu, garðvinnu og í raun allt það sem til féll.“

## Lætin byrjuðu fljótlega aftur

„Það leið þó ekki á löngu þar til að lætin byrjuðu aftur. Um leið og ég byggði upp lítið verkstæði, þá brutust einhverjir inn í það, eitruðu fyrir hundinum mínum og stálu öllu steini léttara. Stuttu síðar var vinur minn skotinn þegar verið var að ræna bílnum hans. Tvisvar á stuttum tíma var bílnum mínum stolið og í annað skiptið var mér rænt líka. Eitt skiptið réðst að mér hópur barna sem reyndi að stela af mér hjólinu og bakpokanum mínum.

Það er hreinlega ómögulegt að reyna að byggja eitthvað upp í landinu. Það er meira að segja næstum ómögulegt að eiga sama bílinn í hálft ár.

Ég ræddi þetta við mömmu sem hafði komið sér vel fyrir í sveitinni og hún sagði mér að hafa ekki áhyggjur af sér. Ég eyddi því tveimur mánuðum í að gera almennilega við húsið hennar, tók mér svo veiðistöng í hönd og fór aftur frá Afríku.“

## Vingjarnlegt bréf frá Íslandi

„Þegar ég var að ákveða hvert ég ætti að fara varð mér hugsað til orða vinar míns sem fór til Íslands. Mig hefur alltaf langað til að dvelja á norðurslóðum og ákvað að lokum að fara til Alaska, Grænlands eða Íslands. Ég skrifaði aðilum á öllum þessum þremur stöðum. Mér barst svar frá Alaska þar sem ég var boðinn velkominn en mætti ekki gleyma græna kortinu mínu. Þar sem ég átti ekkert slíkt gat ég ekki farið.

Mér barst ekkert svar frá Grænlandi en ég fékk bréf frá einstaklingi í Reykjavík. Þar stóð að ég ætti að koma. Sá sem skrifaði rak fiskverkun en sagðist þó ekki hafa neitt að gera fyrir mig í augnablikinu. Hann lofaði mér hins vegar að ég myndi finna vinnu einhvers staðar. Í bréfinu kom fram farsímanúmer þessa manns og hann sagði að ég ætti að hafa samband ef ég væri ekki búinn að finna vinnu eftir vikudvöl á Íslandi.

Ég hafði aldrei fengið eins vingjarnlegt bréf frá manni sem ég þekkti ekki neitt. Þess vegna sagði ég: Mamma, ég er farinn til Íslands.“

## Fékk strax pláss á sjó

„Þegar ég kom til landsins brá mér heldur betur í brún. Ég hafði ekki búist við svona háþróuðu fyrsta heims landi. Ég hafði eiginlega reiknað með frekar vanþróuðu veiðimannasamfélagi þar sem fólk þyrfti að hafa fyrir hverri einustu máltíð.

Ég var vart lentur á landinu þegar ég hitti mann sem var að leita sér að háseta á bát sem gerður var út frá Þorlákshöfn. Ég var ráðinn á staðnum og morguninn eftir stóð ég á bryggjunni í Þorlákshöfn fyrir framan þetta gamla og hrörlega veiðiskip.

Ég var heppinn að fá þetta starf. Þetta var um miðjan vetur. Veðrið í fyrsta túrnum var mjög vont og ég var sjóveikur allan tímann og ældi öllu sem ég át. Það varð mér þó til virðingarauka meðal hinna í áhöfninni að ég hætti aldrei að vinna meðan ég ældi.“

## Báturinn missti veiðileyfið

„Ég lagaðist fljótt af sjóveikinni og í öðrum túrnum mínum var þetta allt miklu skárra. Mér var boðið fast pláss á skipinu sem ég tók fegins hendi.

Þegar ég mætti til vinnu í þriðja sinn kom ég að innsigluðum bát. Lögreglumenn stóðu við bátinn og við spurðum þá hvað gengi á. Þeir sögðu okkur að báturinn hefði misst veiðileyfi sitt, ég veit ekki alveg af hverju. Ég og annar skipverji horfðum á bátinn, horfðum svo hvor á annan og ákváðum að best væri að fara að leita sér að annarri vinnu.

Þetta var mjög leiðinlegt því ég kunni vel við sjómennskuna. Hún hentaði mér vel og þar að auki var kaupið gott. Ég væri meira en lítið til í að fara aftur á sjó ef tækifæri gæfist.“

## Tilgangslaus eyðsla á fjármunum

– Hvað gerðirðu svo eftir að báturinn var innsiglaður?

„Í hálft annað ár vann ég í Reykjavík hjá verktakafyrirtækinu Ístaki. Það var ágætis vinna, kaupið var ágætt, vinnufélagarnir skemmtilegir og ég lærði mikið. Vandamálið var að borgarlíf hentar mér frekar illa.

Um þessa leyti voru framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun að hefjast. Ég hélt það væri góð hugmynd að sækja um, gerði það og var ráðinn. Framan af varð ég ekki fyrir vonbrigðum en átti eftir að verða það síðar.

Aftur og aftur varð ég vitni að svo tilgangslausri eyðslu á fjármunum. Ég ólst að vísu upp í hitabeltinu en samt leyfi ég mér að fullyrða, að þegar snjóbylur gengur yfir, þá er skynsamlegast að bíða. Í staðinn var alltaf send hjólaskófla á eftir hjólaskóflu inn í bylinn, til þess eins að festast. Þá þurfti að sjálfsögðu að senda fleiri hjólaskóflur og enn stærri tæki til að losa þau sem höfðu fest sig og svona gekk þetta í hvert einasta skipti sem það gerði eitthvert veður að ráði.“

## Barnaleg skipulagning

„Ég var samt í skemmtilegri vinnu á Kárahnjúkum. Ég var að rannsaka steypu sem var notuð alls staðar á svæðinu, svo að ég fékk að fara út um allt og sjá allar hliðar þessarar gríðarstóru framkvæmdar.

Það voru að vísu svolítið blendnar tilfinningar sem maður fann fyrir á Kárahnjúkum. Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af óspilltri náttúru og fannst leiðinlegt hversu mikið jarðraskið var.

Þá fór líka í taugarnar á mér hversu barnaleg skipulagning verksins var, og er eflaust enn. Þá fannst mér allt of mikið um óþarfa áhættu sem menn voru látnir taka, sérstaklega þegar litið er til þess hversu lítið menn hafa í laun.“

## Launin hækkuðu ekki

„Þegar ég byrjaði fékk ég 630 krónur á tímann. Mér var sagt að kaupið myndi hækka. Ég hugsaði með mér að það mætti nú líka alveg hækka, því ég var farinn að gera miklu meira en þegar ég byrjaði. Ég var farinn að vinna 12-15 tíma á sólarhring, sem mér þótti svo sem í lagi, en það getur verið stórhættulegt í svona vinnu.

Mánuð eftir mánuð benti ég yfirmönnum mínum á að kaupið stæði í stað, þrátt fyrir að ég væri farinn að vinna miklu meira og á miklu víðara sviði en upphaflega. Alltaf sögðust þeir ætla að breyta þessu en þegar ég fékk launaumslagið var upphæðin alltaf sú sama. Þá áttaði ég mig á því að það væri engin framtíð í þessari vinnu fyrir mig.“

## Farinn vestur

„Kvöldið áður en ég hætti í þessari vinnu ákvað ég að hringja í vin minn, Magnús Guðmundsson, sem ég vissi að væri á sjó á Vestfjörðum. Ég hafði áður komið vestur í smalamennsku eitt haustið. Sú helgi var alveg ótrúleg. Ég sá norðurljósin í fyrsta sinn, fannst fjöllin æðisleg og leist svo vel á svæðið að ég ætlaði að flytja þangað strax helgina á eftir. Það gekk að vísu ekki eftir en þegar ég hafði ákveðið að hætta á Kárahnjúkum var ekkert því til fyrirstöðu að flytja vestur.

Magnús sagði að bróðir sinn væri farinn að reka verktakafyrirtækið Ágúst og Flosa og að þá vantaði mannskap. Ég sagði honum að ég myndi mæta til vinnu á mánudagsmorgun og stóð við það.“

## Svaf í tjaldi í kjallara á Flateyri

– Er ekki satt að þú hafir sofið í tjaldi í kjallara Magnúsar fyrstu vikurnar fyrir vestan?

„Jú, það er rétt. Það var eiginlega ekkert pláss í húsinu nema í kjallaranum. Í honum var enginn hiti og kjallarinn var frekar óvistlegur. Ég átti þetta fína tjald og ákvað bara að tjalda þarna inni, aðallega til þess að hlífa svefnpokanum mínum.

Þetta vakti mikla athygli meðal barna í bænum. Ég þótti stórfurðulegur gaur og forvitnilegur, svaf í tjaldi í kjallara, safnaði skeljum og grjóti og svoleiðis. Hópur drengja bað sérstaklega um að fá að skoða þessar vistarverur mínar.“

## Saknar köfunarinnar

– Hvað heldurðu að framtíðin beri í skauti sér fyrir þig?

„Það eru ákveðnir staðir sem mig langar að skoða, Grímsey, Grænland og fleiri staðir. En mér líður mjög vel á Ísafirði og sé enga ástæðu til að fara neitt. Ég hef haft nóg að gera, er kominn í skotfélagið, hef farið á kajak og vil endilega gera meira af því. Svo er margt sem ég á eftir að gera, til dæmis að fara á snjóbretti.

Ef það er eitthvað sem ég sakna, þá er það köfunin. Ég er atvinnukafari og sakna þess mikið.“

*– halfdan@bb.is*

## Ráðist í frekari endurbætur á félagsheimilinu í Súðavík

**Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samþykkt tillögu oddvita hreppsins, Jóns Grétars Kristjánssonar, um að ráðist verði í endurbætur innandyra á félagsheimilinu í Súðavík. Kostnaðaráætlun sem gerð hefur verið er að upphæð 5,5 milljónir króna. Var sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu. Fyrir nokkru fóru fram verulegar endurbætur utanhúss á félagsheimilinu og er það nú sem nýtt að utan. Húsið var byggt árið 1930 og er skráð stærð þess 206,4 fermetrar. Það stendur við Aðalgötu 22 í gamla þorpi bæjarins.**

## Tveir vilja stöðu yfirmanns tæknideildar í Bolungarvík

**Tvær umsóknir bárust um stöðu yfirmanns tæknideildar hjá Bolungarvíkurkaupstað en staðan var auglýst laus til umsóknar á dögunum. Guðjón Þór Ragnarsson sótti um stöðuna til þriggja mánaða og Guðmundur Bjarni Björgvinsson sótti um stöðuna til frambúðar. Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkti á fundi sínum í síðustu viku að taka upp viðræður við Guðmund Bjarna um starfið.**

## Upptökur tónlistarnemenda gefnar út á geisladisk

**Tónlistarskóli Ísafjarðar hefur gefið út geisladiskinn Vortónar í Hömrum 2004 en gerðar voru til reynslu í vor upptökur af allmörgum tónlistaratriðum, sem flutt höfðu verið á jólatónleikum. Um upptökurnar sá Önundur Pálsson, sem kennir trommuleik við skólann. Önundur hefur nú farið yfir upptökurnar og hefur verið ákveðið að gefa úrval þeirra út á geisladiski fyrir jólin. Á disknum eru fjölbreyttar upptökur með samleik, einleik og einsöng á ýmis hljóðfæri, bæði byrjenda og lengra komna nemenda. Diskinn er hægt að nálgast í skólanum.**

### Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

# „Treysti orðum fjögurra ráðherra að hér eflist starfsemi tengd raforkufyrirtækjum“

Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segist mjög ánægður með fund þann sem hann ásamt Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra átti með fjórum ráðherrum ríkisstjórnarinnar um málefni Orkubús Vestfjarða. Sem kunnugt er fól bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þeim að ganga á fund ráðherra ríkisstjórnarinnar til þess að ræða þær hugmyndir sem uppi eru um sameiningu Landsvirkjunar, Rarik og Orkubús Vestfjarða. Af hálfu ríkisstjórnarinnar sátu fundinn Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Geir Hilmar Haarde fjármálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

Guðni Geir segir fundinn hafa verið mjög jákvæðan. „Ráðherrarnir staðfestu að hugmyndir væru uppi um sameiningu orkufyrirtækja en ekkert væri ákveðið í þeim efnum þar sem viðræður um þá hluti lægju niðri sem stendur. Þeir gáfu hinsvegar mjög ákveðin loforð um að við þyrftum ekkert að óttast ef til sameiningar kæmi. Þvert á móti gæfi hugsanleg sameining ákveðin sóknarfæri fyrir okkur og möguleika á að starfsemi hins nýja fyrirtækis yrði efld hér fyrir vestan.“

*Guðni Geir Jóhannesson.*

Aðspurður með hvaða hætti sú efling færi fram sagði Guðni að það hefði ekki komið fram á fundinum. „Slíkt var ekki rætt á fundinum enda ekki ljóst hvort og þá hvenær af þessari sameiningu verður.“

Nú hafa mörg loforð verið gefin í kringum sameiningu fyrirtækja í gegnum tíðina sem stjórnendum sameinaðra fyrirtækja hefur reynst erfitt að standa við. Aðspurður hvort þau loforð sem gefin voru vegi eitthvað þyngra en önnur loforð sem gefin hafa verið í tengslum við sameiningu fyrirtækja segir Guðni Geir að ráðherrarnir hefðu verið mjög samstíga og hann sæi ekki ástæðu til annars en að treysta loforðum þessara fjögurra ráðherra.

*– hj@bb.is*

# Mikolaj jólasveinn heimsótti börn af pólskum uppruna á jólaballi

**Börn af pólskum uppruna sem búsett eru á norðanverðum Vestfjörðum héldu jólaball í Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði á laugardag. Þangað mættu 15 börn ásamt foreldrum sínum og sungu og dönsuðu í kringum jólatré. Einnig var kominn langan veg jólasveinninn Mikolaj sem er pólskur. Jólasiðir í Póllandi eru að nokkru leyti ólíkir siðum hér á landi. Má þar nefna að þar er jólasveinninn aðeins einn og hann kemur þann 6. desember og gefur þá um nóttina í skóinn. Mörg börn af pólskum uppruna halda í þann sið að láta skóinn aðeins eina nótt í gluggann. Eins og gefur að skilja á sá siður þó erfitt uppdráttar til hliðar við þann sið innfæddra hér að setja skóinn í gluggann þrettán nætur í röð. Meðfylgjandi myndir voru teknar á jólaballinu.**

***– hj@bb.is***

*Mikolaj ásamt börnum og foreldrum á jólaballi.*

### Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

# Harmar fjölmiðlaumræðu

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hefur sent frá sér eftirfarandi ályktun sem samþykkt var einróma á fundi ráðsins: „Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða harmar þá stefnu sem umræða um Þekkingarsetur og uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum hefur tekið í fjölmiðlum að undanförnu. Fulltrúaráðið lýsir einhuga vilja sínum til að vinna áfram að framgangi málsins í góðu samstarfi við menntamálaráðuneytið og hvetur til að vinnu undirbúningshóps um stofnun Þekkingarseturs verði hraðað sem kostur er. Í því sambandi leggur fulltrúaráðið sérstaka áherslu á að staðbundin háskólakennsla geti hafist á Ísafirði næsta haust.“

Ályktunin mun vera til komin vegna umfjöllunar svæðisútvarps Ríkisútvarpsins á Ísafirði um fund menntamálaráðherra og sendinefndar frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða í síðustu viku. Sendinefndina að vestan skipuðu Ólína Þorvarðardóttir, Aðalsteinn Óskarsson og Smári Haraldsson. Í ályktun fulltrúaráðsins kemur ekki fram hvort og þá hvað í umfjöllun fjölmiðla var rangt.

*– hj@bb.is*

# Þrátt fyrir aðstoð eiga margir erfitt með að láta enda ná saman

Bráðum koma blessuð jólin. Þó tíminn yfir hátíðarnar sé flestum ánægjulegur eru þau útgjöld sem óhjákvæmilega fylgja því að gjöra góða veislu of mikil fyrir marga. Í Reykjavík stendur fólk í röðum til að þiggja aðstoð frá Mæðrastyrksnefnd, en eins og gefur að skilja, myndu fáir gera slíkt í litlu samfélagi eins og á Ísafirði. Margrét Geirsdóttir vinnur sem ráðgjafi hjá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Hún segir að vissulega sé til staðar fátækt á Vestfjörðum eins og annars staðar á landinu og að jólin séu mörgum þungur baggi.

**– Hálfdán Bjarki Hálfdánsson ræðir við Margréti Geirsdóttur, ráðgjafa hjá Skóla- og fjölskylduskrifstofu um fátækt á jólum**

### Mörkin eru lág

– Nú sér maður Ísfirðinga og nærsveitamenn ekki standa í röðum til að þiggja fjárhagsaðstoð eins og reglulega er gert í Reykjavík og sést í fréttatímum um jólin. Hvernig er þessum málum háttað vestra?

„Þeir sem hafa þörf fyrir fjárhagsaðstoð sækja um hana á sérstakan hátt. Menn þurfa að fylla út umsóknareyðublað, skila inn launaseðlum síðustu þriggja mánaða, skattskýrslu og kvittun frá Svæðisvinnumiðlun séu menn atvinnulausir. Síðan eru ákveðin mörk. Ef einstaklingur er með mánaðartekjur sem eru lægri en 80 þúsund krónur um það bil, þá á hann rétt á fjárhagsaðstoð.“

– Og þessi mörk hækka væntanlega ef börn eru í spilinu?

„Já, að sjálfsögðu. Til að mynda getur stór fjölskylda verið með tekjur upp að 160-170 þúsund krónur og samt fengið fjárhagsaðstoð. Hjá Ísafjarðarbæ eins og hjá öllum öðrum sveitarfélögum eru þessi mörk mjög lág. Flest sveitarfélög nota tölur um örorkubætur eða ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins þegar ákvarðanir um fjárhagsaðstoðarviðmið eru teknar og þar er ekki um háar tölur að ræða.“

### Erfitt að láta enda ná saman

„Fyrir utan þá sem falla undir þessa skilgreiningu, eru nokkrir aðrir sem fá aðstoð um jólin. Það er þá í þeim tilfellum þar sem fólk hefur fengið einhvern fjárhagslegan skell, veikindi hafa komið upp á eða eitthvað slíkt. Þá hafa menn óskað eftir aukaaðstoð. Þeirra beiðni er þá tekin fyrir á fundi hjá okkur.

Þess ber að geta að við erum ekki að tala um háar fjárhæðir. Það verður enginn feitur af fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, enda er aðstoðin ætluð til þess eins að létta örlítið undir með fólki. Þrátt fyrir þessa aðstoð eiga margir mjög erfitt með að láta enda ná saman, sérstaklega yfir hátíðarnar.

Fyrir utan sveitarfélagið eru nokkrir aðilar sem styðja við bakið á þeim sem þess þurfa. Má þar helst nefna kirkjuna, hvítasunnusöfnuðinn, Rauða krossinn og félög eins og Oddfellow.“

### Fjölgun á þessu ári

– Hvernig hefur þróunin í þessum málum verið á svæðinu, eru fleiri nú sem þurfa aðstoð en áður?

„Það hefur verið töluverð fjölgun á þessu ári. Það gæti verið um tímabundna sveiflu að ræða en maður veit aldrei.

Oft er það atvinnuleysi sem veldur, eða veikindi, og áberandi flestir sem þiggja fjárhagsaðstoð gera það aðeins í skamman tíma. Þeir eru sem betur fer fáir sem þurfa lengi á henni að halda.“

### Gamlar hugmyndir um hreppsómaga

– En hefur þörfin fyrir aðstoð aukist meira á Vestfjörðum en annars staðar á landinu?

„Í samanburðarskýrslu sveitarfélaganna kemur fram að hlutfallslega hafi þörfin aukist mest í Reykjavík. Hjá okkur hafa sveiflur verið á fjárhagsaðstoðinni undanfarin ár en hún fer þó heldur vaxandi og í ár hefur þörfin vaxið svo mikið að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þurfti nýlega að samþykkja þriggja milljóna króna aukafjárveitingu til þessara mála. Þeim hefur fjölgað sem vita af þessum rétti sínum til aðstoðar en sá réttur er bundinn í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og er svo nánar útfærður í reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

Þess má líka geta að sumir sem þurfa á aðstoð að halda og eiga kannski rétt á henni, sækja sér hana ekki. Þessar gömlu hugmyndir um niðursetninga og hreppsómaga eru svo ríkjandi hjá heilu kynslóðunum og þeir eru til sem vildu frekar svelta en að þiggja aðstoð. Þetta á aðallega við um eldra fólk, en yngra fólk er oft opnara fyrir þessum hlutum og finnst ekki eins niðurlægjandi að þiggja aðstoð.“

### Útköll vegna heimilisófriðar

– En er mikið um útköll vegna barnaverndarmála á þessum tíma?

„Það er sem betur fer mjög sjaldgæft á aðfangadag eða jóladag. Það er helst yfir áramótin sem slíkt kemur upp.

– Kemur fyrir að fjarlægja þurfi börn af heimilum?

„Nei, sem betur fer ekki. Yfirleitt eru útköll á þessum tíma vegna heimilisófriðar þar sem börn eru áhorfendur. Þegar svo er kallar lögreglan starfsmann barnaverndar út. Í þessum tilfellum er annað foreldrið oft fjarlægt af heimilinu, þar til runnið er af fólki og það getur farið að tala saman. Það að fjarlægja börn af heimilum er síðasta úrræðið sem við höfum. Til að það sé gert þarf eitthvað mikið að hafa gengið á, og helst í langan tíma.“

– Getur ekki verið erfitt fyrir fólk sem starfar í þessum geira að halda hátíðleg jól? Eru þessi mál ekki ofarlega í huga þér þegar þú borðar jólasteikina?

„Maður gleymir þessu ekki. En smám saman fær maður nokkuð þykkan skráp. Hann er alveg nauðsynlegur, annars myndi maður ekki endast lengi í þessu. Það er eins með okkur og aðrar stéttir eins og lögreglu og heilbrigðisstarfsmenn, að við verðum að hafa mátulega þykkan skráp.

Fólk má hins vegar aldrei verða ónæmt fyrir þessum hlutum. Maður má ekki glata samúðinni, eða gleyma því að þarna er um manneskjur að ræða. Um leið og málin hætta að hafa áhrif á mann, er kominn tími til að pakka saman og hætta, því þá gerir maður ógagn frekar en gagn.“

## Smáauglýsingar

Til sölu er 3ja herb. íbúð á fyrstu hæð að Stórholti 13. Góður sólpallur fylgir íbúðinni. Upplýsingar í síma 892 6010.

Vertu tímanlega í að tryggja þér þorláksmessuskötuna. Gerist ekki betri en í ár og er á góðu verði. Uppl. í síma 894 0935.

Ég hef starfað sem dagmanna í Kópavogi í fimm ár og sótt ýmis námskeið vegna þess. Ég er nú að flytja aftur á Ísafjörð og kem til með að starfa við daggæslu frá 3. janúar að Aðalstræti 12. Tek við umsóknum um pláss í s.866 4424, dorabjork@hotmail.com

Til sölu eru hvolpar, Labrador, Golden blendingur og Chihuahua. Upplýsingar í síma 867 0420.

Þriggja manna fjölskylda óskar eftir íbúð á eyrinni á Ísafirði frá og með áramótum. Reglusemi og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í síma 867 8886.

Vantar þig starfskraft? Ég er 22 ára gömul og óska eftir vinnu. Margt kemur til greina. Uppl. gefur Berglind í síma 866 8264.

Óska eftir að kaupa frystiskáp eða frystikistu. Uppl. gefur Halldór í síma 894 6125.

Jólatrésskemmtun Kvenfélagsins Brautarinnar í Bolungarvík verður haldin fimmtudaginn 30. desember kl. 18-20 í Víkurbæ.

Til sölu er MMC Pajero árg. 95, ekinn 160 þús. km., sjálfskiptur, sumar- og vetrardekk. Uppl. í síma 456 5210 og 661 5042.

Óska eftir 300-400 ltr. frystikistu. Uppl. í síma 456 6133.

Til sölu eru fjögur 32" nagladekk undan Land Cruiser. Verð kr. 18 þús. Uppl. í síma 892 7911.

Svalavagn óskast. Uppl. gefur Inga í síma 846 3230.


## Afmæli

**Ásgeir Vilhjálmsson**, íbúi á Hlíf 2, Ísafirði, verður **80 ára** miðvikudaginn 22. desember. Hann fagnar tímamótunum á sal Hlífar, laugardaginn 18. des. frá kl. 15.

# Halldór Pálmi Bjarkason með bestu hugmyndina

**Ísfirðingurinn Halldór Pálmi Bjarkason varð hlutskarpastur í hugmyndasamkeppni sem Frumkvöðlasetur Háskólans á Akureyri efndi til í haust. Halldór Pálmi er nemi á fjármálabraut við viðskipadeild skólans og var hugmynd hans valin sú besta af níu hugmyndum sem bárust í keppnina. Hugmynd Halldórs ber vinnuheitið „Tæknistýrður hlutabréfasjóður“, en tæknistýring felst í því að taka kaup- og söluákvarðanir eingöngu út frá markaðsverði hlutabréfa. Halldór leggur til að notuð verði sú tegund tæknistýringar sem felur ekki í sér spár um framtíðina, heldur rétt viðbrögð við aðstæðum hvers tíma. Virkni tæknistýringar er ekki háð menningu eða efnahagsumhverfi og hentar hún því vel á mörkuðum um allan heim.**

# Fimm verkefni fengu styrki svæðisvinnumiðlunar á Vestfjörðum

**Fimm verkefni á vegum sveitarfélaga á Vestfjörðum fengu styrki svæðisvinnumiðlunar til þess að sporna við atvinnuleysi á árinu 2003. Á sama tíma fengu 24 verkefni á Vesturlandi styrki og 10 á Norðurlandi vestra. Þetta kemur fram í svari Árna Magnússonar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur á Alþingi. Í svarinu kemur fram að á árinu 2003 hafi 30 sveitarfélög sótt um styrki til svæðisvinnumiðlana til þess að sporna við atvinnuleysi. Þau fengu öll styrki en fjögur þeirra nýttu sér ekki veitta styrki. Í svari ráðherra kemur fram að á landinu öllu hafi 67 verkefni hlotið styrk og voru flest þeirra á Vesturlandi, eða 24. Næst flest voru verkefnin á Norðurlandi vestra (10), á Suðurlandi og Norðurlandi eystra voru verkefnin 9 í hvorum landshluta, á Suðurnesjum voru þau 8 talsins, á Vestfjörðum 5 og á Austurlandi voru þau 2.**

## Sólberg Jónsson, landeigandi í Leirufirði í Jökulfjörðum

# Óskar leyfis til að stöðva landbrot

Sólberg Jónsson í Bolungarvík, landeigandi í Leirufirði í Jökulfjörðum hefur óskað eftir framkvæmdaleyfi hjá Ísafjarðarbæ til að freista þess að stöðva landbrot í firðinum. Til framkvæmdanna þarf að koma jarðýtu til Leirufjarðar og hefur landeigandinn einnig óskað eftir leyfi sveitarfélagsins til nauðsynlegra framkvæmda til að koma jarðýtunni fram og til baka. Í bréfi sem Sólberg sendi Ísafjarðarbæ kemur fram að á undanförnum árum hefur orðið nokkurt landbrot í firðinum. Til þess að stöðva landbrotið þarf að ráðast í framkvæmdir sem meðal annars felast í gerð varnargarðs og hefur verið sótt um styrk til Landgræðslunnar vegna verksins sem er að fullu viðurkennt sem styrkhæft.

Til þess að ráðast í verkið þarf hinsvegar að koma á staðinn jarðýtu sem er tímafrekt, kostnaðarsamt og vandasamt verkefni. Telur landeigandinn nauðsynlegt að koma ýtunni landleiðina í Leirufjörð. Þá yrði farið með hana landveg um Djúp í Unaðsdal þar sem liggur slóði uppá svokallaða Öldugilsheiði. Frá slóðarenda og að framkvæmdastað eru um fjórir kílómetrar og telur landeigandinn mögulegt að „labba“ á ýtunni mest alla leiðina án þess að valda skemmdum á landi. Þó telur hann að ýtan þurfi að liðka fyrir sér á leiðinni og þá sérstaklega á bakaleiðinni. Vill landeigandi því standa þannig að verkinu að í leiðinni verði gerður vegur sem nýtist ferðamönnum á þessum slóðum. Ekki telur hann þó koma til greina að búa til veg sem opnað gætu farartækjum leið í Jökulfirði. Frekar vill hann að gerður verði vegur sem nýst gæti sem reiðvegur þar sem Öldugil sé bratt og nánast ófært fyrir hesta. Gerð reiðvegar yrði því kærkomin aðgerð og myndi gera núverandi hring um Snæfjallaströnd og Grunnavík auðveldari og einnig auðvelda för um svokallaðan Strandahring sem endar í Skjaldfannardal.

Bæjarráð hefur tekið vel í erindið og sent það til umsagnar umhverfisnefndar.

# Rætur veita starfsmannafélögum fiskvinnslufyrirtækja viðurkenningu

Á aðalfundi Róta, félags áhugafólks um menningarfjölbreytni, sem haldinn var fyrir skömmu var samþykkt að veita starfsmannafélögum tveggja fiskvinnslufyrirtækja, Íslandssögu á Suðureyri og Kambs á Flateyri, viðurkenningu fyrir gott starf við undirbúning haustfagnaðar fiskvinnslufólks sem haldinn var á Ingjaldssandi fyrir nokkru. Á fundinum kom fram að fagnaðurinn hefði hlotið góðar undirtektir og stefnt sé að því að halda slíkan fagnað í júní á næsta ári og er þess vænst að þá taki fólk þátt víðar úr fjórðungnum.

Á fundinum var rakin starfsemi félagsins á liðnu starfsári auk þess sem fram fór stjórnarkjör. Í nýrri stjórn félagsins sitja; Dorothee K. Lubecki, Guðrún S. Sigurðardóttir, Valdimar J. Halldórsson, Ævar Einarsson og Pimonlask Rodpitake. Í varastjórn sitja Kristín Þórisdóttir og Gréta Sturludóttir.

Fundurinn samþykkti ályktun þar sem skorað var á Alþingi að tryggja starfsgrundvöll Mannréttindaskrifstofu Íslands með því að veita skrifstofunni fastan sess og viðunandi fjárveitingu á fjárlögum.

*– hj@bb.is*

***Valdimar Halldórsson formaður Róta afhendir Margréti Þórarinsdóttur og Ævari Einarssyni viðurkenningu sem starfsmannafélag Íslandssögu á Suðureyri hlaut.***

## STAKKUR SKRIFAR

# Allar tillögur skoðaðar

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Ýtarlegt viðtal birtist við formann Fjórðungssambands Vestfirðinga, Guðna Geir Jóhannesson, sem einnig er bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ og reyndar formaður bæjarráðs, hér í BB fyrir skömmu. Margt athyglisvert kemur fram í samtali Guðna og blaðamanns. Guðni Geir er athafnamaður og hefur bersýnilega mikinn metnað fyrir hönd sveitarfélags síns og hefur fjárfest á Ísafirði, svo um munar á tímum sem flestir hafa ríka tilhneigingu til þess að flytja fjármuni burt úr bæjarfélaginu. Hann telur ekki að um hagsmunaárekstur sé að ræða þótt hann starfi fyrir bæjarfélagið sem verktaki við almenningssamgöngur og kveðst fyrst og fremst ala önn fyrir samfélaginu sínu. Eftir lesturinn er ástæðulaust að efast um að svo sé. Hins vegar geta alltaf komið upp tilvik sem gera menn í hans stöðu tortryggilega, þótt ekki sé fótur fyrir tortryggni þegar grannt er skoðað.

Einna eftirtektarverðast er að Guðni sendir bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar skýr skilaboð um að hann krefjist þess að á hann sé hlustað þegar settar eru fram tillögur um úrbætur í atvinnumálum. Hvort sem ágreiningur þeirra bæjarstjórans ristir djúpt eður ei, er ljóst að hann er fyrir hendi. Slagurinn mun standa um tillögur Guðna um stóriðju á Vestfjörðum, sem settar voru fram á vettvangi Fjórðungssambandsins. Það er oft merki um heilbrigða umræðu að menn greini á um markmið og leiðir. Þá þarf hins vegar að ræða mál af yfirvegun og skynsemi og finna lausnir. Margir eru þeirrar skoðunar að slikan ágreining, sem hér um ræðir, eigi ekki viðra í fjölmiðlum heldur leysi fulltrúar almennings hann sín í milli. Aðrir hafa þveröfuga skoðun og fjölmiðlar bera þess merki að mikil viðhorfsbreyting er að verða á Íslandi varðandi fjöllun um öll mál, af hverjum toga sem þau kunna að vera.

Kjarni málsins er auðvitað sá, að skoða ber allar tillögur til að auka atvinnu á Vestfjörðum. Við eigum undir högg að sækja og þurfum öll þau störf sem við getum fengið inn í fjórðunginn. Því verður ekki trúað að samstöðu skorti meðal bæjarfulltrúa um þetta lífsnauðsynlega markmið. Vissulega hafa margir blínt á ferðaþjónustu, sem Guðni reyndar hefur gert að starfsvettvangi sínum og fjölskyldu sinnar. En það þarf að hafa öll færin úti og skapa vinnumarkað með störf við hæfi sem flestra, helst allra. Þannig aukast líkur á því að fólk vilji setjast að á Vestfjörðum og það sem er kannski enn brýnna, halda áfram að búa hér. Verði hinn stöðugi flótti fólks úr fjórðungnum ekki stöðvaður skiptir engu máli hversu stöndug ferðaþjónustan verður. Hún mun ekki veita nægilega mörgum atvinnu til að halda uppi þeirri byggð sem rétt er að stefna að, ekki færri en tíuþúsund íbúum.

Á það hefur oft verið bent hér, að í augum annarra landsmanna skorti á að Vestfirðingar sýni nauðsynlega samstöðu. Enn ríkir mikil og undarleg andstaða við sameiningu sveitarfélaga, sem þó er lífsnauðsynleg til viðhalds byggðar hér um slóðir. Til þess samstöðuleysis liggja margar ástæður, flestar byggðar á tregðulögmálinu, því að breyta helst aldrei neinu. Þegar um framtíð byggðar, heill og atvinnu Vestfirðinga er að tefla verðum við að sýna sterka samstöðu og leggjast öll á sömu árina. Ella mun okkur ganga illa að sannfæra aðra landsmenn um málstað okkar og Alþingi því leggja minna af mörkum úr sameiginlegum sjóðum Íslendinga allra. Það vondur kostur í stöðunni, reyndar sá versti.

## Glæsilegur 9 holu völlur innan fimm ára hjá GÍ

**Aðalfundur Golfklúbbs Ísafjarðar fór fram fyrir stuttu. „Á fundinum kom fram staðfesting á því að reksturinn er kominn í það fastar skorður að við getum beint kröftum okkar að uppbyggingu vallarins“, segir Tryggvi Guðmundsson, formaður GÍ. Klúbburinn hefur verið í örum vexti undanfarin ár og var mesta aukning félaga á landsvísu hjá GÍ í ár. „Okkur hefur fjölgað um 15% á milli ára síðustu tvö ár og áttum landsmetið í ár“, segir Tryggvi. Miklar framkvæmdir eru í bígerð á næstu árum. Meðal annars verða þrjár nýjar flatir byggðar sem verða með sérræktuðu grasi og undirbyggðu vökvunarkerfi. „Við vonumst til að sjá gjörbreyttan og glæsilegan 9 holu völl eftir 4-5 ár,“ segir Tryggvi Guðmundsson, formaður GÍ.**

## Ísafjarðarbær selur hús á fimm þúsund krónur



**Ísafjarðarbær hefur með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar samþykkt að selja Hálfdáni L. Pedersen í Garðabæ húseignina að Grundarstíg 9 á Flateyri. Húsið er byggt árið 1890 og er 221,9 fermetrar að stærð. Húsið stendur á 479 fermetra lóð. Fasteignamat hússins er rúmar 3,2 milljónir króna og brunabótamat þess er rúmar 14,4 milljónir króna. Söluverð hússins er fimm þúsund krónur og mun kaupverðið hafa verið staðgreitt.**

## Söngvakeppni Höfrungs á Þingeyri gefin út á DVD

**Íþróttafélagið Höfrungur stendur fyrir sölu á minjagripum í tilefni af aldarafmæli félagsins í sumar. Söngvakeppni Höfrungs var þá haldin í fimmtánda sinn og fór vel fram. Líni Hannes Sigurðsson kvikmyndaði keppnina og hefur nú gefið hana út á DVD diskum. Aldrei hafa jafn margir tekið þátt en 37 söngvarar sungu í keppninni. Verð á disknum er 1.500 krónur. Einnig er til sölu m.a. einkar fallegur pönnukökudiskur með áletraðri uppskrift af pönnukökum, handklæði, glös, bollar, bolir og húfur merktar Höfrungi. Höfrungur, sem er eitt elsta íþróttafélagið á landinu, var stofnað þann 20. desember 1904.**

### Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar

# Bakkar að hluta með álagningu farþegagjalds

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að veita tveggja ára aðlögun að gjaldi á farþega með farþegabátum sem um höfnina fara. Þann 9. nóvember samþykkti hafnarstjórnin að leggja á 220 króna gjald á hvern farþega sem um höfnina fer samkvæmt heimild í hafnalögum. Til þessa hefur hafnarsjóður engar tekjur haft af farþegaflutningum um höfnina aðrar en legugjöld. Þrátt fyrir það hefur höfnin fjárfest nokkuð í aðstöðu fyrir þá farþegabáta sem gerðir eru út frá höfnum bæjarins.

Á síðasta fund hafnarstjórnar mættu ýmsir aðilar tengdir ferðaþjónustu í bænum og ræddu málið við stjórnina. Meðal þeirra voru Hafsteinn Ingólfsson útgerðarmaður, Áslaug Alfreðsdóttir, hótelstjóri og Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar. Í máli þeirra kom fram að umrædd gjaldtaka kynni að hafa slæmar afleiðingar fyrir ferðaþjónustu í bæjarfélaginu. Í framhaldinu samþykkti hafnarstjórn að gjaldið yrði 220 krónur fyrir hvern fullorðinn farþega og 110 krónur fyrir farþega yngri en tólf ára. Jafnframt var samþykkt að veita 50% afslátt af gjaldinu til ársloka 2006. *– hj@bb.is*

*Sundahöfnin á Ísafirði.*

### Þýskir sjónvarpsmenn aftur á ferðinni í sushiverksmiðju Sindrabergs

# Áhugi sjónvarpsstöðvanna mikil viðurkenning á starfseminni

Kvikmyndatökumenn á vegum þýskrar sjónvarpsstöðvar voru við störf í sushiverksmiðju Sindrabergs ehf. á Ísafirði í síðustu viku. Skammt er liðið síðan sýndur var þáttur á annarri þýskri stöð um verksmiðjuna og jókst sala á afurðum fyrirtækisins mjög í kjölfarið. Elías Jónatansson, framkvæmdastjóri Sindrabergs segir þennan áhuga þýskra sjónvarpsstöðva mjög uppörvandi og sé um leið mikil viðurkenning á því starfi sem unnið er í fyrirtækinu.

Sunudaginn 5. desember komu sjónvarpsmenn á vegum þýsku sjónvarpsstöðvarinnar ZDF sem er önnur tveggja ríkisrekinna stöðva í Þýskalandi til Ísafjarðar. Meðal þeirra sem komu var Ísfirðingurinn Sigurður Grímsson, kvikmyndatökumaður sem starfar sjálfstætt og hefur tekið að sér mörg verkefni fyrir stöðina. Tilgangur heimsóknarinnar til Ísafjarðar var að búa til umfjöllun um framleiðslu á sushi sem fram fer í verksmiðju Sindrabergs ehf.

*Við upptökur þýska fréttaþáttarins í verksmiðju Sindrabergs á Ísafirði. Það er Sigurður Grímsson frá Ísafirði sem stjórnar tökuvélinni.*

Fyrir skömmu var sýndur þáttur á annarri þýskri sjónvarpsstöð þar sem fjallað var um framleiðslu Sindrabergs á sushi. Í kjölfarið varð vart töluverðrar aukningar í pöntunum frá Þýskalandi. Elías segir að heimsókn þýsku sjónvarpsmannanna nú hafi átt mjög skamman aðdraganda. „Fréttamaður þeirra, Peter Boehmer, sá grein um okkur í þýsku tímariti og nokkrum dögum síðar var hann mættur hér með sínu liði.“

Elías segir mjög erfitt að sjá fyrir hvað þessi umfjöllun muni hafa í för með sér. „Við vitum að sjálfsögðu ekki með hvaða hætti þessi umfjöllun verður en ég sé ekki ástæðu til að ætla annað en að hún verði jákvæð þar sem þeir voru mjög hrifnir af því sem þeir sáu hér. Við vonum því auðvitað það besta. Þessi áhugi þýskra fjölmiðlamanna er fyrst og fremst mikil viðurkenning á því starfi sem unnið er í fyrirtækinu og hvetur okkur mjög til að festa okkur í sessi í þessari framleiðslu“, segir Elías. *– hj@bb.is*

Jólavélin frá Netheimum

JÓLATILBOÐ
kr. 39.900,-

JÓLATILBOÐ
kr. 119.900,-

HALF LIFE FYLGIR

Gleðileg jólatilboð!

Frábær jólatilboð í verslun Netheima, Aðalstræti 27

Frábær fyrir heimilið og í skólann

JÓLATILBOÐ
kr.129.900,-
Listaverð: 149.900,-

DVD BRENNARI

EPSON gæði beint heim í stofu

JÓLATILBOÐ
kr. 89.900,-
Listaverð 99.900,-

FRÁBÆRT VERÐ

EPSON

Tæknival

NETHEIMAR

NETHEIMAR - AÐALSTRÆTI 27 - ÍSAFIRÐI - SÍMI: 456-5000 - www.netheimar.com



Nýársdansleikur 2005

Góðgerðardansleikur

Fögnum nýju ári með Lionsklúbbnum Fjörgyn á kvöldi Nýársdags í Frímúrarasalnum á Ísafirði

Húsið opnar kl. 20:00
Smárétturinn hefst
Allir velkomnir
Miðaverð kr. 4.900,-
Dagskrá í hléinu er ekkert mál fyrir Glaðlega menn

Dagskrá

Kallarinn Emilíana kitlar á pinni

Fordrykkur

Smárétturinn

Tónlistarmenn: Kristjón Guðbjörn Kristjánsson og undirleik Guðrúnar B. Magnúsdóttur

Þrettán um í salnum og pelinum með Balbi og Magga

Söngur, dans og gleði fram á nótt

Miðapantanir hjá: Ásdísu í síma 899 0742, Guðrúnu Björgu í síma 893 3359 og Ólínu í síma 892 3139



GÓÐAR BÆKUR ERU GÓÐAR JÓLAGJAFIR

Vestfirskir slysadagar 1880-1940 eftir Eyjólf Jónsson.
Stórmerkilegt og grípandi rit um harða lífsbaráttu Vestfirðinga og glímu þeirra við náttúruöflin, sem oft kostaði miklar fórnir

Sögufélag Ísfirðinga

*Súðavík.*

## Súðavíkurhreppur samþykkir byggingu tveggja einbýlishúsa

# Húsin verða nýtt til útleigu

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samþykkt að ganga til samninga við Eldafl ehf., um byggingu tveggja einbýlishúsa við Holtagötu 8 og 12 í Súðavík sem ætluð verða til útleigu. Sem kunnugt er bauð hreppurinn smíði húsanna út fyrir skömmu og bárust þrjú tilboð. Það lægsta var frá Eldafli ehf. í Keflavík að upphæð 54 milljónir króna fyrir smíði beggja húsanna. Í framhaldinu var ákveðið að hafna öllum þeim tilboðum sem bárust.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík segir að síðan hafi ýmsum forsendum við smíði húsanna verið breytt og í framhaldinu hafi verið ákveðið að ganga til samninga við Eldafl. Hann segir að byggingaverð hvors húss verði um 20 milljónir króna miðað við þessar nýju forsendur. Húsin eru 177 fermetra timburhús með innbyggðum bílskúr.

## Orkubú Vestfjarða

# Varað við sameiningu

Skagfirðingar og Akureyringar vara við hugmyndum um að sameina RARIK og Orkubú Vestfjarða Landsvirkjun. Þeir vilja að heimamönnum verði gefinn kostur á að yfirtaka rekstur fyrirtækjanna. Eins og komið hefur fram í fréttum hefur verið haft eftir Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra að til stæði að sameina RARIK og Orkubú Vestfjarða Landsvirkjun.

*Orkubú Vestfjarða.*

Þessar hugmyndir hafa mætt mikilli andstöðu fyrir vestan og hafa forystumenn Ísafjarðarbæjar gengið á fund Halldórs Ásgrímssonar og lýst yfir áhyggjum vegna hugsanlegrar sameiningar. Fyrir norðan er sama uppi á teningnum. Forsvarsmenn Skagafjarðarveitna sem fyrirtæki er í eigu Skagfirðinga og Norðurorku sem er orkufyrirtæki Akureyrarbæjar hafa sent frá sér ályktun vegna þessa.

Lýst er yfir áhyggjum vegna sameiningarhugmynda, slíkt sé í andstöðu við vilja landsbyggðar. Forsvarsmenn norðlensku orkufyrirtækjanna vilja að veitufyrirtækjum og sveitarfélögum sem eru á dreifiveitusvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða tækifæri til að yfirtaka reksturinn og efla og styrkja á þann hátt starf þeirra og koma þessari starfsemi úr ríkisrekstri.

Stjórnvöld eru hvött til þess að leita leiða til að heimaaðilar geti tekið við hlutverki RARIK og Orkubúi Vestfjarða í stað þess að sameina þau Landsvirkjun.

## Kennarar við Grunnskólann á Ísafirði skrifa

# Til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra í Ísafjarðarbæ

Nýafstaðið verkfall grunnskólakennara var langt og erfitt. Verkföllum fylgja átök og stundum er farið í hart. Um miðjan nóvember þegar lög voru sett á verkfallið urðu viðbrögð kennara ærið misjöfn. Kennarar við Grunnskólann á Ísafirði ákváðu að hlíta lagasetningunni og mættu allir sem einn til kennslu mánudaginn 15. nóvember. Var það gert af virðingu við nemendur og foreldra þeirra og einnig við starf okkar.

Af einhverjum ástæðum fannst bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hún þurfa að senda okkur þakkir opinberlega, í orði, fyrir að mæta til vinnu.

Þegar samningur var undirritaður af samninganefndum kennara og sveitarstjórna, var ákveðið að sveitarfélögin í landinu borguðu eingreiðslu til kennara eins fljótt og auðið væri og einnig ákvað samninganefnd sveitarfélaganna að mælast til þess að sveitarfélögin skiptu innheimtu ofgreiddra launa kennara vegna verkfallsins niður á fyrstu mánuði næsta árs. Flest sveitarfélög í landinu urðu við þessari ósk og greiddu eingreiðsluna 18.-22. nóvember.

Hjá Ísafjarðarbæ stóð ekki til að greiða hana fyrr en eftir samþykkt samninga en með eftirgangsmunum var ákveðið að greiða hana 1. desember. Skuldagreiðslum kennara verður skipt á fyrstu mánuði næsta árs hjá flestum bæjarfélögum og þar sem það verður ekki gert er það með vilja kennara sjálfra. Þarna eru sveitarfélögin að koma til móts við kennara sína vegna þeirrar kostnaðarsömu hátíðar sem nú fer í hönd.

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ sáu hvorki ástæðu til þess að ræða við kennara á Ísafirði né bjóða neina valkosti varðandi greiðslu skuldar. Allt skyldi tekið af fyrir jól. Við hörmum þessa afstöðu bæjaryfirvalda og getum ekki annað en ályktað að þetta sýni, á borði, raunverulegt viðhorf og virðingu bæjaryfirvalda til okkar kennara og þess starfs sem við innum af hendi fyrir sveitarfélagið.

*Kennarar við G.Í.*


**Fasteignasala**
**Tryggvi Guðmundsson hdl.**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

**Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!**

*Einbýlishús*

**Mánagata 2:** 148 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt 23,7 m² nýrri viðbyggingu. **Verð 7,9 m.kr.**

**Dalbraut 13:** 177 m² steinst. einb.hús á einni hæð með stórum bílskúr. **Verð 10,5 m.kr.**

**Bakkavegur 4b:** 100 m² lítið einb.hús, að hluta uppg. ásamt nýrri viðb. **Verð 3,5 m.kr**

*4-6 herbergja íbúðir:*

**Mjallargata 1:** 140 m² íbúð á 2.hæðum, sérinngangur af svölum. **Verð 9,5 m.kr.**

**Silfurgata 6:** Fimm herbergja íbúð á 2.hæð ásamt geymslum í kjallara, samtals 212 m². **Verð 8,2 m.kr.**

**Sundstræti 34:** 140 m² nýleg 4ra herb. íbúð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. **Verð 11,2 m.kr.**

**Sólgata 8:** 101 m² íbúð á efri hæð í þríb.húsi með aukaherbergi í kjallara. **Verð 7,0 m.kr.**

**Túngata 12:** 99 m² íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og garði. **Verð 7,9 m.kr.**

*3ja herbergja íbúðir:*

**Sundstræti 34:** Nýleg 81 m² íbúð á 2.h til hægri í uppgerðu fjölbýlishúsi. **Verð 8,2 m.kr**

**Silfurgata 11:** 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

**Smiðjugata 7:** 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 6,4 m.kr.**

**Sólgata 8:** 68 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

**Aðalstræti 17:** 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 6,8 m.kr.**

*2ja herbergja íbúðir:*

**Engjavegur 33:** 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**

**Hlíf 2, Torfnesi:** 50,4 m² tveggja herb. íbúð á 4.h. á Dvalarh. aldraðra **Verð 6,3 m.kr.**

**Seljalandsvegur 58:** 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

*Atvinnuhúsnæði:*

**Árnagata 3:** 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarsvæði. Stórt og rúmgott smiðaverkst. með skrifstofuaðst. **Tilboð óskast**

**Hrannargata 2:** 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. **Verð 4 m.kr.**

**Sindragata 14:** 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. **Verð 25 m.kr.**

**Suðurtangi 2:** 210 m² tré-sm.verkstæði á einni hæð ásamt geymslulofti. **Verð 4,5 m.kr.**

*Bolungarvík:*

**Vitastígur 8:** 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgert. **Verð 8,5 m.kr.**

**Vitastígur 19:** 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m² bílg. **Tilboð óskast**

**Hjallastræti 38:** 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. **Verð 6,5 m.kr.**

**Stigahlíð 4:** 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

*Þingeyri:*

**Aðalstræti 23:** 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum með sólstofu. **Verð 4,5 m.kr.**

*Sumarbústaðir:*

**Sumarbústaður til flutnings:** 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði. **Tilboð óskast.**

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af sölu-skránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is**

## Vegagerðin kynnir snjóflóðaskápa sem fyrirhugað er að setja upp á Kirkjubólshlíð

# „Sýnist að sveitarstjórnarmenn telji sig vera að fá jarðgöng“

Skipst var á skoðunum á fundi sem Vegagerðin hélt í síðustu viku til kynningar á snjóflóðaskápum sem fyrirhugað er að gera á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði. „Eins og fram hefur komið er formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar ekki sáttur við þessar fyrirætlanir. Mér sýnist að sveitarstjórnarmenn telji sig vera að fá jarðgöng og þess vegna séu skápar nir óþarfir og gerð þeirra peningasóun. Ef horft er til þeirra framkvæmda sem Flugmálastjórn ætlar að ráðast í, kosta skáparnir sama og ekki neitt“, segir Kristján Kristjánsson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni á Ísafirði.

Eins og kunnugt er hyggst Flugmálastjórn ráðast í stækkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar innan tíðar og er ætlunin að slá tvær flugur í einu höggi með gerð snjóflóðaskápanna og þeirri efnistöku sem nauðsynleg er til framkvæmda á flugvellinum. „Þessi jarðgöng sem verið er að tala um myndu líklega kosta um það bil 4,3 milljarða. Nefna má fjölmörg kostnaðarsöm verkefni, svo sem þverum Dýrafjarðar, Hestfjarðar og Þorskafjarðar og fleiri verk sem hafa verið í gerjun í 15-30 ár og ekki hefur verið gengið frá á þeim tíma“, segir Kristján. *– halfdan@bb.is*



*Frá fundinum sem haldinn var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.*

*Á níunda tug hunda voru hreinsaðir.*

## Áhaldahúsið í hundana

**Áhaldahúsið á Ísafirði fór í hundana í síðustu viku þegar þar fór fram árleg hundahreinsun héraðsdýralæknisins á Ísafirði. Margt var um hundinn, en á níunda tug þeirra mættu til ormahreinsunar ásamt eigendum sínum. Rétt rúmlega 100 hundar eru skráðir í bænum og eru þeir allir hreinsaðir á sama tíma til að minnka hættu á að þeir smiti hvern annan. Hundunum er gefin ormahreinsunartafla eða þeir sprautaðir. Þorbjörn Jóhannesson hjá áhaldahúsinu segir flesta hundaeigendur sinna kallinu á réttum tíma og að alltaf náist í skottið á þeim sem gera það ekki.**
***– halfdan@bb.is***

Vörukynning á Ísafirði!

Radiomiðun ehf., verður með vörukynningu í húsi rafeindaverkstæðis Rafjóns ehf., á Ísafirði, föstudaginn 17. desember kl. 19:00. Vonumst til að sjá sem flesta!

radiomiðun ehf.

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 16. des. til sunnudags 19. desember eða meðan birgðir endast
EKKERT BRUDL
Komdu í Ljónið!
6x2L
Coca-Cola
12 lítrar
799
KÍPPA 6x2 LÍTRAR
979
30% afsláttur
1609
1259
1599
1199
Afgreiðslutími
til jóla í Ljóninu
Föstud. 17. des. 10.00-21.00
Laugard. 18. des. 10.00-20.00
Sunnud. 19. des. 10.00-20.00
Mánud. 20. des. 12.00-20.00
Þriðjud. 21. des. 12.00-20.00
Miðvikud. 22. des. 10.00-21.00
Fimmtud. 23. des. 10.00-23.00
Aðfangadagur 9.00-12.00
Lokað jóladag og II. jóladag
1499
4999
20% afsláttur
-kofareykt
595
295
159
99
89
39
359
999
45% afsláttur
Bónusverð: 1.479.-
Leiðbein.verð: 2.690.-
ALLT HOLD HEY
Bónusverð: 1.999.-
Leiðbein.verð: 4.490.-
55% afsláttur
-svona hefðast jólin...
BÓNUS

# Fjallaði um hátíð ljóssins í þrennum skilningi

Jóna Símonía Bjarnadóttir, skjalavörður á Héraðsskjalasafninu á Ísafirði, hélt fyrirlestur um hátíð ljóssins á kaffihúsinu Langa Manga á sunnudag. Aðspurð segist Jóna ánægð með það hvernig til tókst. „Mætingin var ágæt miðað við þetta veður sem var. Fólk verður svo latt í svona slyddu", segir Jóna. „Ég var að fjalla um jólin sem hátíð ljóssins í þrenns konar merkingu. Í fyrsta lagi þessa fornu skammdegishátíð sem jólin upphaflega voru. Í öðru lagi sem kristna hátíð þar sem Jesús Kristur er ljósið, og í þriðja lagi um það hvernig notkun kerta og rafmagnsljósa hefur tengst jólunum, sérstaklega í seinni tíð þar sem við mengum umhverfið með gríðarlegu ljósamagni."

*Veitingahúsið Langi Mangi á Ísafirði.*

*Jóna Símonía talar um hátíð ljóssins.*

## Helgarveðrið

**Horfur á fimmtudag:** Norðlæg átt, 8-13 m/s og él, en bjartviðri suðvestantil. Lægir síðdegis. Frost til 0 til 8 stig.
**Horfur á föstudag:** Austlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og víð él, einkum sunnan- og autantil. Hiti breytist lítið.
**Horfur á laugardag:** Vestlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og stöku él við strönd landsins, annars bjartviðri. Frost 1-14 stig, kaldast í innsveitum.
**Horfur á sunnudag:** Útlit er fyrir nokkuð stífa vestlæga átt með ofankomu vestanlands.

## Kirkjustarf

**Ísafjarðarkirkja:** Kirkjuskóli 19. des. kl. 11.
**Hnífsdalskapella:** Kirkjuskóli 19. des. kl. 13.

## Spurningin

**Hvað ætlar þú að borða á aðfangadagskvöld?**

Alls svöruðu 916.
*Hamborgarhrygg* sögðu 522 eða 57%
*Kalkún* sögðu 68 eða 7%
*Rjúpur* sögðu 63 eða 7%
*Annað* sögðu 210 eða 23%
*Veit ekki* sögðu 53 eða 6%

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

# Jóladjass og matur í Krúsinni

Jólahlaðborðum Krúsarinnar á Ísafirði var fram haldið um liðna helgi. Boðið hefur verið upp á hlaðborðin frá því í lok nóvember og hefur verið svo gott sem fullsetið við þau öll. Aðstandendur Krúsarinnar hafa boðið upp á hlaðborð sem þessi í árafjöld og hefur oftast verið ákveðið þema í gangi. Að þessu sinni má segja að þemað sé „jóladjass" og hafa þau Ólafur Kristjánsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Sbigniew Jaremko og Ingunn Ósk Sturludóttir leikið djassskotin jólalög og hefðbundna djassslagara fyrir matargesti. Þorsteinn Þráinsson matreiðslumeistari hefur séð um eldamennskuna og vakið lukku fyrir sín verk. Meðfylgjandi myndir tók Þorsteinn J. Tómasson á jólahlaðborðinu á laugardagskvöld.

### > RÚV: 17. des. kl. 22:30

## Grafreitur með útsýni

**Gamanmyndin Grafreitur með útsýni segir frá tveimur útfararstjórum í velskum smábæ sem eiga í harðri og óvæginni samkeppni sín á milli. Annar er Bandaríkjamaður sem reynir að sölsa undir sig útfararbransanum í bænum með því að gera útfarirnar sem glæsilegastar í sniðum en heimamaðurinn er hefðbundnari í háttum. Aðalhlutverk leika Brenda Blethyn (mynd) og Christopher Walken.**

### > Stöð 2: 18. des. kl. 23:00

## Svaka pæja

**Stöð 2 sýnir gamanmyndina Svaka pæja á laugardagskvöld. Myndin segir frá Jessicu Spencer sem er gullfalleg en gjörspillt klappstýra. Hún þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af lífinu fyrr en daginn sem hún er skyndilega komin í líkama smákrimmans Clives Maxtones. Clive er hins vegar mjög sáttur í líkama hennar og getur farið með ránshendi, vitandi að Jessicu verður kennt um allt.s**

### > Sýn: 18. des. kl. 19:20

## Heimsviðburðir í beinni

**Framundan er sannkölluð íþróttaveisla á Sýn í kvöld. Skemmtunin hefst með beinni útsendingu frá leik Juventus og AC Milan en liðin berjast um sigur í ítölsku deildinni. Strax á eftir tekur við spænski boltinn og í kjölfarið verður boðið upp á úrslitakeppni K-1 í Japan þar sem bardagahetjur slást. Veislunni lýkur svo með beinni útsendingu frá hnefaleikakeppni.s**

# Túnfiskur, hreindýr og andalifur á áramótafagnaði SKG

Áramótafagnaður SKG-veitinga verður að þessu sinni haldinn á nýársdag. Um margra ára skeið hefur hápunktur unnenda matargerðarlistar verið þessi fagnaður SKG-veitinga á Hótel Ísafirði. Hafa listunnendur fengið að smakka fjölbreytta og skemmtilega rétti í gegnum árin. Má þar nefna akurhænur, fasana, dúfur og margt fleira. Matseðillinn hefur verið birtur og er ljóst að bragðlaukar gesta fara margs vísari frá borði að þessu sinni. Á matseðlinum má sjá túnfisk, morel-sveppaseyði, hreindýralundir og ferska andalifur svo eitthvað sé nefnt af sjö rétta matseðlinum. Sú nýbreytni verður nú að boðin verða sérvalin vín með hverjum rétti. Að sögn Karls Ásgeirssonar var leitað til færustu vínþjóna landsins og þeir látnir velja vín með matseðlinum. „Við vildum með þessu reyna að tryggja heildarmynd matseðilsins og undirstrika að þarna er öllu því besta tjaldað til eins og ávallt í starfi okkar ágætu starfsmanna."

*– hj@bb.is*

***Áramótafagnaðurinn verður haldinn á Hótel Ísafirði.***

ÍSAFJARÐARBÆR

**LEIKSKÓLINN GRÆNASKJÓL**

Leikskólakennara eða áhugasamt starfsfólk vantar í tvær 100% stöður við leikskólann Grænagarð á Flateyri. Leikskólinn starfar samvæmt Hjallastefnunni. Einnig vantar í 50% stöðu við ræstingar.
Uppl. gefur Barbara í síma 456 7775 eða Jóna Lind í síma 456 3685.


**> Stöð 2: 20. des. kl. 22:35**

## Kona í líkama karls

**Stöð 2 sýnir í kvöld dramatíska mynd með gamansömum undirtóni sem fjallar um Roy sem hefur verið kvæntur Irmu í aldarfjórðung. Hjónaband þeirra virðist ósköp venjulegt en á daginn kemur að eiginmaðurinn hefur liðið kvalir árum saman. Loks segir Roy sannleikann og viðurkennir fyrir Irmu að hann sé í rauninni kona í líkama karls. Aðalhlutverk: Tom Wilkinsson.**

## Sælkeri vikunnar

er Einar Gunnlaugsson á Ísafirði

## Grillaður skötuselur og pólsk metrakaka

Sælkeri vikunnar býður upp á gómsætan skötuselsrétt með ostabráð. Einar mælir með að rífa niður Iceberg salat sem meðlæti. Þá segir hann að best sé að setja salatið í ískalt vatn í um 10 mínútur og setja síðan á diska og skötuselsbitana ofan á það og bera fram með ristabrauði eða hvítlauksbrauði. Einnig býður hann upp á ljúffenga pólska metraköku. Einar mælir með að skera kökuna á ská.

### Grillaður skötuselur með ostabráð

2 kg skötuselur
smjör til steikingar
3-4 hvítlauksgeirar
salt og pipar

Hreinsið skötuselinn og skerið í fiðrildi með beittum hníf um 3 sm á þykkt. Pressið hvítlaukinn. bræðið smjörið á pönnu og setjið hvítlaukinn út í og steikið bitana. Raðið þeim síðan í ofnskúffu og kryddið með salti og pipar.

### Ostabráð

200 g hvítlaukssmurostur
250 g smjör
5-6 hvítlauksgeirar fínt saxaðir
¾ búnt fínt söxuð steinselja
safi úr 1 sítrónu
salt og pipar

Bræðið saman ost og smjör og bætið hvítlauk, steinselju, kryddi og sítrónusafa saman við. Hrærið vel saman. Þekið bitana með ostabráðinni. Grillið í ofni í um 5-7 mín.

### Metrowíec pólsk metrakaka

1 stórt glas vatn
2 stór glas sykur
½ stórt glas olía
3 stór glös hveiti
3 tsk lyftiduft
8 stk eggjarauður
8 stk eggjahvítur
1 msk kakó
1 lítil poki vanillusykur (má nota dropa)

Sjóðið saman vatn og sykur og látið kólna, hrærið saman við olíu, hveiti, lyftiduft og eggjarauðum. Stífþeytið eggjahvíturnar og blandið varlega saman við með sleif. Skiptið síðan deiginu í tvennt og bætið kakó í annan helminginn og setjið í sitt hvort formkökuformið. Bakið við 175° í um 40 mín.

### Krem á milli

Sjóðið tvö ekki alveg full glös af mjólk og 1 ¾ glas af sykri og vanillusykrinum. Blandið saman 1 glasi af mjólk og 1 glas af hveiti, bætið því við en passið að hafa þetta ennþá. Hrærið vel saman þangað til það sýður og látið kólna. Hrærið 2 stk saltlaust smjör (500 g í grænum umbúðum) smám saman við kremið. Blandið síðan tveim eggjarauðum saman við.

### Krem ofan á

170 g smjörlíki
8 msk sykur
2 msk kakó
2msk vatn

Hitið saman við lágan hita þar til sykurinn bráðnar, látið kólna og setjið svo yfir kökuna.

*Ég skora á Magnús Gíslason á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.*

## Sportið í beinni

**SkjárEinn:**
*Laugardagur 18. des.:*
**Kl. 12:00** – Enski boltinn: Birmingham – WBA.
**Kl. 15:00**– Enski boltinn: Chelsea – Norwich.
**Kl. 17:15** – Enski boltinn: Man. Utd. – Crystal P.

*Sunnudagur 19. des.:*
**Kl. 13:30** – Enski boltinn: Liverpool – Newcastle.
**Kl. 16:05** – Enski boltinn: Portsmouth – Arsenal.

*Mánudagur 20. des.:*
**Kl. 22:30** – Enski boltinn: Charlton – Fulham.

**Sýn:**
*Laugardagur 18. des.:*
**Kl. 19:20** – Ítalski boltinn: Juventus – AC Milan.
**Kl. 21:25** – Spænski boltinn: Barcelona – Valencia.
**Kl. 02:00** – Hnefaleikar: Antonio Tarver – Johnson.

*Sunnudagur 19. des.:*
**Kl. 17:50** – Spænski boltinn: Sevilla – Real Betis.
**Kl. 22:00**– Ameríski boltinn: NY Jets – Seattle.

**Canal+ Norge:**
*Laugardagur 18. des.:*
**Kl. 15:00** – Enski boltinn: Chelsea – Norwich.
**Kl. 19:30** – Ítalski boltinn: Juventus – AC Milan.

*Sunnudagur 19. des.:*
**Kl. 13:30** – Enski boltinn: Liverpool – Newcastle.
**Kl. 16:05** – Enski boltinn: Portsmouth – Arsenal.
**Kl. 19:30** – Ítalski boltinn: Palermo – Cagliari.

*Mánudagur 20. des.:*
**Kl. 20:00** – Enski boltinn: Charlton Athl. – Fulham.

**Canal+ sport:**
*Laugardagur 18. des.:*
**Kl. 12:00** – Enski boltinn: Birmingham – WBA.
**Kl. 15:00** – Enski boltinn: Blackburn – Everton.
**Kl. 17:15** – Enski boltinn: Man. Utd. – Crystal P.

**Canal + Denmark:**
*Sunnudagur 19. des.:*
**Kl. 14:00** – Ítalski boltinn: Roma – Parma.

**TV4+ Svíþjóð:**
*Sunnudagur 19. des.*:
**Kl. 18:00** – Spænski boltinn: Sevilla – Real Betis.
**Kl. 20:00** – Spænski boltinn: Athl. Madrid – Deportivo.

**Kanal 5 Danmark:**
*Laugardagur 18. des.:*
**Kl. 12:00** – Enski boltinn: Birmingham – WBA
**Kl. 19:00** – Spænski boltinn: Racing – Real Madrid.
**Kl. 21:00** – Spænski boltinn: Barcelona – Valencia.


**Gerist áskrifendur í síma 456 4560**

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
# BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

### Starfsmenn Orkubús Vestfjarða óánægðir með sinnuleysi ráðamanna fyrirtækisins

# Telja lítið hald í orðum forsvarsmanna Ísafjarðarbæjar

Starfsmenn Orkubús Vestfjarða er óánægðir með það sem þeir kalla sinnuleysi ráðamanna fyrirtækisins. Þeir telja einnig lítið hald í þeim loforðum sem fulltrúar Ísafjarðarbæjar fengu á fundi sínum með fjórum ráðherrum ríkisstjórnarinnar vegna framtíðar Orkubúsins. Þeir telja ekki ástæðu til bjartsýni um sinn hag fyrr en ráðherrar geta lagt fram einhverjar hugmyndir um það sem kallað er efling starfa í raforkugeiranum á Vestfjörðum. Fundur var haldinn í starfsmannafélagi Orkubús Vestfjarða hf. síðastliðinn þriðjudag vegna þeirra hugmynda sem fram hafa komið um sameiningu Landsvirkjunar, Rarik og Orkubús Vestfjarða.

*Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða.*

Í bréfi sem starfsmannafélagið hefur sent stjórn Orkubúsins kemur fram að á fundinum hafi komið fram mikil óánægja vegna sameiningarhugmynda iðnaðarráðherra sem áður er getið. Jafnframt kemur fram í bréfinu að fundarmenn hafi lýst óánægju „með það sinnuleysi ráðamanna Orkubús Vestfjarða hf. að starfsmönnum séu ekki kynntar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á fyrirtækinu. Bent skal á að frá því að sveitarfélög á Vestfjörðum seldu hlut sinn í fyrirtækinu til ríkisins og ljóst varð að einhverjar breytingar yrðu á skipulagi og starfsemi þess, hafa starfsmenn mjög takmarkaðar upplýsingar fengið um stöðu mála öðruvísi en í fjölmiðlum."

Þá segir einnig í bréfinu: „Einnig er minnt á að í samkomulagi því sem gert var í tengslum við kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða kemur fram að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir."

Ljóst er á harðorðu bréfi stjórnar starfmannafélagsins að mikil óánægja kraumar undir hjá starfsmönnum fyrirtækisins. Starfsmenn hafa ávallt staðið þétt við bakið á fyrirtæki sínu og stjórnendum í gegnum tíðina. Enginn starfsmaður sem rætt var við treysti sér þó til þess að ræða málið opinberlega og segir það meira en mörg orð um stöðu þeirra.

Í síðustu viku áttu formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar fund með fjórum ráðherrum ríkisstjórnarinnar vegna áðurnefndra sameiningarhugmynda. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar hafa báðir látið hafa eftir sér að þeir séu mjög ánægðir með þau svör sem gefin voru á þeim fundi og treysta þeim loforðum ráðherranna um að í fyrirhugaðri sameiningu felist sóknarfæri fyrir íbúa Vestfjarða og að starfsemi orkugeirans muni eflast á Vestfjörðum við sameininguna.

Þeir starfsmenn sem rætt var við voru sammála um að lítið hald væri í orðum forsvarsmanna Ísafjarðarbæjar. Þykir starfsmönnum nokkurri undrun sæta hvílík gleði ríki meðal forystumanna bæjarins án þess að nokkrar haldbærar hugmyndir hafi komið fram á hvern veg starfsemin gæti eflst hér um slóðir við sameiningu.

„Að lokinni þessari sameiningu getum við verið viss um að aðalstöðvarnar verða áfram hvítar vegna þess að liturinn er innbrenndur. Hvort að einhver starfsemi verður í húsinu veit enginn, hvorki starfsmenn né forystumenn bæjarins", segir einn starfsmanna Orkubúsins og vitnar í fleyg ummæli Þorsteins Más Baldvinssonar um að Guðbjörgin yrði áfram gul í kjölfar sameiningar Hrannar hf. og Samherja hf. fyrir nokkrum árum. – *hj@bb.is*

### Ísafjörður

## Líkamsárás í heimahúsi

Aðfararnótt laugardags var lögreglunni tilkynnt um líkamsárás í heimahúsi á Ísafirði. Rannsókn þessa máls stendur yfir en nákvæm atriði eru ekki ljós þar sem viðkomandi hefur ekki lagt fram kæru. Nokkur erill var hjá lögreglunni á Ísafirði í nýliðinni viku.

Aðfararnótt sunnudags var ölóður karlmaður handtekinn í anddyri lögreglustöðvarinnar. Hann var færður í fangaklefa og látinn sofa úr sér vímuna og æsinginn. Um kl. 02:25 á sunnudag höfðu lögreglumenn afskipti af 13 ára ungmenni í miðbæ Ísafjarðar. Unglingurinn virtist hafa neytt áfengis og var því ekið til síns heima.

Lögreglan stöðvaði nokkra ökumenn vegna hraðaksturs, lélegs ljósabúnaðar bifreiða og réttindaleysis við akstur. Þá var einn stöðvaður vegna gruns um ölvun við akstur í vikunni.

„Lögreglan á Ísafirði vill beina þeim tilmælum til foreldra ungmenna að standa vörð um velferð barna sinna. Í því sambandi á að virða útivistarreglur, leyfa ekki eftirlitslaus unglingasamkvæmi.

## Bílbeltin björguðu í þremur umferðarslysum

*Frá slysstað á Hnífsdalsvegi á laugardag.*

Þrjú umferðaróhöpp urðu á laugardag í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði og má rekja þau öll til mikillar hálku á vegum. Fyrsta óhappið varð þegar bifreið var ekið út af í Dýrafirði um kl. 11:30. Ökumaður var einn í bílnum og slapp án meiðsla. Um kl. 13:20 var bifreið ekið útaf Hnífsdalsvegi og þar slapp ökumaður án meiðsla. Þriðja óhappið var síðan um kl. 16. Þá var bifreið ekið út af Hnífsdalsvegi. Ökumaður og farþegi sluppu án meiðsla. Að sögn Önundar Jónssonar yfirlögregluþjóns má rekja öll umferðaróhöppin til þeirrar miklu hálku sem var á vegum. Bílarnir skemmdust allir mjög mikið og eru jafnvel ónýtir. Telja má víst að bílbeltanotkun hafi komið í veg fyrir slys.

### Byggðakvóti sjávarútvegsráðuneytisins

# Rúmur fjórðungur kvótans til Vestfjarða

Samtals koma rúm 848 tonn af byggðakvóta úr úthlutun sjávarútvegsráðuneytisins í hlut Vestfirðinga, en úthlutunin var kynnt í síðustu viku. Til Vesturbyggðar er úthlutað 218 tonnum, til Ísafjarðarbæjar er úthlutað 210 tonnum, til Súðavíkur koma 150 tonn, til Bolungarvíkur koma 100 tonn, Tálknafjörður fær í sinn hlut 60 tonn, til Hólmavíkur fara 69 tonn, á Drangsnes 31,5 tonn og í Árneshrepp fara 10 tonn.

Af einstökum byggðarlögum á Vestfjörðum má nefna að kvóti Vesturbyggðar skiptist þannig að til Brjánslækjar fara 5 tonn, á Patreksfjörð fara 75 tonn og á Bíldudal fara 138 tonn. Kvóti Ísafjarðarbæjar skiptist þannig að í hlut Hnífsdælinga koma 30 tonn, á Þingeyri fara 60 tonn og til Ísafjarðarbæjar í heild er úthlutað 120 tonnum vegna samdráttar í byggðakvóta Byggðastofnunar.

Sveitarstjórna bíður nú það verkefni að móta reglur til úthlutunar byggðakvótans. – *hj@bb.is*